
Lagadeild

Lagaumhverfi réttargæslumanna

„Hvað er hægt að bæta í lagaumhverfi réttargæslumanna þannig að þeir geti betur sinnt mikilvægu hlutverki sínu í þágu brotþola í sakamálum?“

Ritgerð til BS gráðu í viðskiptalögfræði

Nafn nemanda:

Pétur Snær Hansen Jónsson

Leiðbeinandi:

Unnar Steinn Bjarndal

Haustönn – 2023



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY



Lagadeild

Lagaumhverfi réttargæslumanna

„Hvað er hægt að bæta í lagaumhverfi réttargæslumanna þannig að þeir geti betur sinnt mikilvægu hlutverki sínu í þágu brotþola í sakamálum?“

Ritgerð til BS gráðu í viðskiptalögfræði

Nafn nemanda:

Pétur Snær Hansen Jónsson

Leiðbeinandi:

Unnar Steinn Bjarndal

Haustönn – 2023



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Útdráttur

Lokaverkefni þetta er unnið með það að markmiði að varpa ljósi á það hvort íslensk lög geti gengið lengra við að tryggja réttargæslumönnum nauðsynleg tól til hagsmunagæslu brotþola í sakamálum, hverjir séu helstu vankantar og þá hvaða leiðir séu mögulegar til úrbóta. Lokatakmark verkefnisins er að svara rannsóknarspurningunni: „*Hvað er hægt að bæta í lagaumhverfi réttargæslumanna þannig að þeir geti betur sinnt mikilvægu hlutverki sínu í þágu brotþola í sakamálum?*“

Undirritaður tók þá ákvörðun að notast við blandaða aðferð, framkvæma lögfræðirannsókn og eigindlega rannsókn í formi viðtala við lögmennt sem hafa reynslu af störfum sem réttargæslumenn, og sem verjendur. Höfundur þótti mikilvægt að fá persónuleg og jafnvel persónubundin viðhorf þeirra sem við þetta starfa og var það til þess fallið að komast að því hvort brotþolar séu jafn óvarðir í sakamálum, eins og sumir telja, og hvort athugasemdir um takmarkandi möguleika réttargæslumanna við rannsókn og rekstur sakamála séu á rökum reistar.

Auk hinna eigindlegu gagna sem nýtt eru við vinnslu þá fór fram greining á þeim réttarheimildum sem málaflokkinn snerta og þær breytingar sem hafa verið gerðar á lögum. Höfundur reyndi að nálgast viðfangsefnið með það að leiðarljósi að geta skýrt meginhugtök þess á mannamáli.

Niðurstöður gefa til kynna að staða réttargæslumanna hefur styrkst töluvert síðastliðin ár, en þó að einhverra mati ekki nóg, þrátt fyrir stórt skref löggjafans árið 2022 með lagabreytingu sem færði réttargæslumönnum réttindi og heimildir, sem hafði af mörgum verið talið að næðist ekki fram án þess að veita brotþola stöðu sem aðila máls.

Abstract

The purpose of this essay is to shed light on whether Icelandic law can go further than it already does, in providing victim attorneys necessary tools for protecting the interests of victims in criminal cases, and what needs to be done to strengthen the status of victim attorneys. The final goal of the essay is to answer the question: *"What can be improved in the legal environment of victim attorneys so that they can better perform their important role of guarding victims interests in criminal cases?"*

The author made the decision to use mixed research methods, legal research, and qualitative research in the form of interviewing victim attorneys. It was deemed important to get the personal opinions of attorneys and research whether victims of crimes are as vulnerable in criminal cases, as some believe, and whether comments about limiting resources of victim attorneys in criminal cases are well founded.

In addition to the qualitative data, an analysis was made of the sources of law and the changes that have been made recently. The author tried to approach the subject with the goal of explaining its main concepts in a human manner.

The results indicate that the position of victim attorneys has strengthened considerably in recent years, but not enough according to some, despite the big step taken by the legislator in 2022, that brought victim attorneys further rights that had been believed by many to be unattainable without giving the victim status as full party to the case.

Formáli

Lokaverkefni þetta er 12 ECTS eininga ritgerð til 190 ECTS eininga BS gráðu í viðskiptalögfræði við Háskólann á Bifröst. Við vinnslu þessa lokaverkefnis hafði höfundur það að leiðarljósi að framsetning, málfar og uppbygging væri eins og best verður á kosið.

Lokaverkefnið var unnið á haustönn 2023 undir styrkri handleiðslu Unnars Steins Bjarndal, lektors og fagstjóra við lagadeild. Unnar hafði áhrif á höfund snemma í náminu, sem varð þess valdandi að þetta tiltekna viðfangsefni varð fyrir valinu. Höfundur þakkar Unnari vel og innilega fyrir.

Að klára BS gráðu í viðskiptalögfræði samhliða fullri vinnu, auk þess að sinna heimili og fjölskyldu, er hægara sagt en gert og því er ekki úr vegi að þakka, innilega, eiginkonu minni Önnu Maríu Auðunsdóttur og börnunum mínum þremur, Mikael, Fjólu og Gabríelu. Viðmælendum mínum þakka ég að sama skapi innilega fyrir að hafa gefið mér dýrmætan tíma sinn í viðtölum við mig, og áframhaldandi ábendingar og viðbætur að þeim loknum.

Höfundur lýsir því hér yfir að hafa unnið verkefnið af heilindum og vandað til heimildavinnu. Höfundur er sá eini sem kom að ritun verkefnisins og staðfestir að hafa farið eftir reglum Háskólans á Bifröst við ritun og frágang lokaverkefna sem staðfestar voru af rektor þann 4. júní 2019.

Pétur Snær Hansen 3.12.'23

Pétur Snær Hansen Jónsson
Reykjanesbær
3. desember 2023

Efnisyfirlit

<i>Útdráttur</i>	2
<i>Abstract</i>	3
<i>Formáli</i>	4
1 Aðferðafræði	8
1.1 Rannsóknaraðferðir	8
1.1.1 Þátttakendur eiginlegrar rannsóknar	9
1.1.2 Framkvæmd og meðhöndlun gagna.....	10
1.2 Áreiðanleiki og réttmæti rannsókna r.....	10
1.3 Siðferðileg álitaefni	11
1.4 Takmarkanir	11
2 Inngangur	12
3 Lög nr. 88/2008 um meðferð sakamála	13
4 Lagaumhverfi réttargæslumanna	14
4.1 Réttargæslumaður	14
4.1.1 Tilnefning og skipun réttargæslumanns.....	14
4.1.1.1 Brot er varða XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.....	15
4.1.1.2 Brot er varða XXIII. og XXIV. Kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.....	15
4.1.2 Einkaréttarlegar kröfur í sakamáli	15
4.1.2.1 Dómur Landsréttar föstudaginn 24. febrúar 2023	16
4.1.2.2 Vanda þarf til verka.....	17
4.1.2.3 Einkaréttarlega krafan í raun bara brot af hlutverki réttargæslumanns	18
4.1.3 Viðhorf ákærvalds og dómara gagnvart hlutverki réttargæslumanns	19
4.2 Lögregla	21
4.2.1 Skyldur lögreglu gagnvart réttargæslumanni.....	21
4.2.2 Mat lögreglu á þörf fyrir sérstaka aðstoð samkvæmt 2. mgr. 41. gr. sml.	24
4.2.2.1 Dómur Hæstaréttar Íslands mánudaginn 10. febrúar 2014 nr. 74/2014	26
4.3 Verjandi	28
4.3.1 Munur á hlutverki réttargæslumanns og verjanda	28
4.4 Brotapoli	29
4.4.1 Brotapoli er vitni í eigin máli.....	29

4.4.2	Styrking á réttarstöðu brotaþola.....	31
4.4.2.1	Samanburður á kröfum Stígamóta og breytingum með lögum nr. 61/2022	32
4.4.2.2	Betur má ef duga skal.....	34
4.4.3	Upplifun brotaþola af því að vera ekki aðili máls	35
4.4.3.1	Dómur Héraðsdóms Reykjaness 18. ágúst 2023 nr. S-397/2023	36
4.5	Aðilar sakamáls	38
4.5.1	Sakborningur	39
4.5.1.1	In dubio pro reo.....	40
4.5.2	Ákærvaldið	40
4.5.3	Afhverju ekki brotaþoli?.....	41
5	<i>Þóknun réttargæslumanna</i>	42
5.1	Endurskoðun dómara á tímaskýrslum.....	42
5.1.1	Álit nefndar um dómarastörf 18. janúar 2018 í máli nr. 5/2017	43
5.2	Er þóknun réttargæslumanna sanngjörn?	44
5.3	Tillögur lögmannafélags Íslands um breytingar á lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála	46
6	<i>Réttarstaða brotaþola á Norðurlöndum</i>	48
6.1	Skýrsla Dr. Hildar Fjólu.....	48
6.1.1	Noregur	49
6.1.2	Svíþjóð.....	49
6.1.3	Finnland.....	50
6.1.4	Danmörk	50
6.2	Hverjum viljum við líkjast?	51
7	<i>Niðurlag.....</i>	52
8	<i>Heimildaskrá</i>	54
9	<i>Lagaskrá.....</i>	56
10	<i>Dómaskrá</i>	57
11	<i>Viðaukar.....</i>	58
11.1	Viðtalsbeiðni eiginlegrar rannsóknar	58
11.2	Viðtalsrammi.....	59

Töfluyfirlit

TAFLA 1 - GÖGN ÚR SKÝRSLU DR. HILDAR (2019) RÉTTLÁT

MÁLSMEDFERÐ MEÐ TILLITI TIL PÓLENDNA KYNFERÐISBROTA.....51

1 Aðferðafræði

Lokaverkefni þetta og rannsóknir miðuðu að því að rannsaka hvernig réttargæslumenn í sakamálarétti eru í stakk búnir til að sinna réttargæslu brotaþola, með þeim tólum og tækjum sem þeim eru búnir af löggjafarvaldinu. Rannsóknin sneri einnig að einhverju leyti að þeim þáttum er snúa að framkvæmda- og dómsvaldinu. Reynt var eftir fremsta megni að halda umfjöllun á afmörkuðum nótum, þó með undantekningum. Meginþungi rannsóknarvinnu við ritgerðarsmíði þessa er byggð á lögfræðilegri aðferð, kennibundinni aðferð sem áherslu setur á lögskýringar til úrlausnar.

Höfundur reyndi að hafa þrjá meginpunkta að leiðarljósi í vinnu sinni: Starfsumhverfi réttargæslumanna og réttarstöðu og upplifun brotaþola, mannlega þáttinn, sem virðist stundum mæta afgangi. Tilgangurinn með vinnu þessari var að varpa ljósi á það hvort ekki sé enn bæði tilefni, sem og svigrúm til breytinga, og einnig hvort það sé orðið tímabært að skoða fyrir alvöru þann möguleika að veita brotaþola í sakamáli stöðu sem aðila máls.

Réttarheimildir voru hafðar til hliðsjónar við alla vinnslu verkefnisins og sótti höfundur einnig í skoðanir aðila er málaflokkinn þekkja, og má þar nefna viðtöl í fjölmiðlum og skoðanir sem birst hafa í tímarits- og fræðigreinum. Við val á dómaumfjöllun voru nokkrir þættir sem höfðu áhrif; dómur sem viðmælendur höfðu orð eða skoðun á, dómur sem sýndu góða úrlausn á málefnum sem verkefnið fjallar um og svo að sjálfsögðu dómur þar sem betur hefði mátt standa að framkvæmd og úrlausn að mati höfundar, og í einhverjum tilfellum að mati æðri dómstiga einnig.

Eftir því sem leið á rannsóknarvinnuna þá færðist þunginn mikið yfir á að skoða sérstaklega möguleika réttargæslumanna brotaþola í alvarlegri málum, svo sem kynferðisafbrotamálum og málum þar sem með grófum hætti er verið vegið að líkama og sál brotaþola. Þá þróun stendur höfundur við og telur þetta vera hópana sem þarfnast þess hvað helst að fá enn frekari úrbætur á þessu sviði.

1.1 Rannsóknaraðferðir

Eftir að hafa neglt niður rannsóknarefnið sjálft: „*Lagaumhverfi réttargæslumanna*“, þá tók við hugmyndavinna um það hvað nákvæmlega skyldi rannsaka, og þá hvernig. Eftir að undirspurningin: „*Hvað er hægt að bæta í lagaumhverfi réttargæslumanna þannig að þeir geti betur sinnt mikilvægu hlutverki sínu í þágu brotaþola í sakamálum?*“, var

komin á hreint þá taldi höfundur að slíku yrði best svarað með blandaðri rannsóknaraðferð, annarsvegar hefðbundinni lögfræðilegri rannsóknaraðferð þar sem rýnt er í sett lög, dóma, greinar fræðimanna og aðrar réttarheimildir sem við eiga og svo hinsvegar með eigindlegri rannsóknarferð í formi viðtala við þá sem í faginu starfa og fá þannig niðurstöður úr rannsókninni með aðleiðslu, gögnin fyrst og svo kenningar í lokin. Höfundur hugsaði út í möguleikann á því að fá sýn brotþola, en taldi á endanum það ekki vera réttlætanlegt, þar sem málefnið stendur þeim svo nærri, og er svo persónulegt, og þannig ákveðnar líkur á að sjónsvið þeirra yrði of þröngt, þó að um slíkt sé ógjörningur að fullyrða.

Hin eigindlega rannsóknaraðferð býður upp á svigrúm fyrir persónulegar skoðanir og persónulegt mat, sem getur gagnast mjög þegar til skoðunar eru vandamál sem eru ekki einungis bundin við tölur eða þekktar stærðir, og spyr spurninga eins og afhverju og hvernig, fremur en hversu margir eða hversu mikið. Þessi aðferð hentar vel til að útskýra hinn mannlega þátt, þátt sem er ekki hægt að binda í tölur og form, og býður aðferðin að sama skapi upp á þann möguleika að geta fengið ólík sjónarhorn einstaklinga, á einn og sama hlutinn.¹

Með öllu því góða sem hin eigindlega rannsóknaraðferð býður upp á, þá er hún líka tímafrek, krefst bæði töluverðrar vinnu þátttakenda, sem og rannsakanda og þessi aðferð gerir það einnig að vissu leyti að verkum að rannsakandi hefur ekki sömu stjórn yfir efninu og ef um til dæmis einungis hefðbundna lögfræðilega rannsókn, eða megindlega rannsókn, væri að ræða.

1.1.1 Þátttakendur eigindlegrar rannsóknar

Höfundur lenti í erfiðleikum með að fá þátttakendur til liðs við sig, og fannst það í raun mjög eðlilegt. Mögulegir þátttakendur voru valdir af vefsíðu Lögmannafélags Íslands, nánar til tekið af lista sem innihélt þá sem hafa réttargæslu sem eitt af sínum sérsviðum. Upplýsingapóstur með beiðni um þátttöku var sendur á tuttugu lögmenn og út frá því bárust sex svör. Tveir lögmenn svöruðu og sögðust ekki hafa tíma, tveir lögmenn gáfu jákvætt svar og höfundur setti upp fund við þá, en þeir mættu ekki og létu ekki heyra

¹ Steven Tenny, Janelle M. Brannan og Grace D. Brannan, *Qualitative Study* (StatPearls Publishing 2023) <<http://www.ncbi.nlm.nih.gov/books/NBK470395/>> skoðað 9. október 2023.

frá sér meir. Þeir tveir lögmenn sem stóðu þá eftir af þessum sex sem svöruðu póstinum gáfu höfundu tíma sinn og athygli og út úr því komu tvö ítarleg viðtöl sem hafa reynst gífurlega vel við alla vinnslu og hafa veitt skilning á mörgu sem höfundur hefur rekist á í rannsóknarvinnunni. Viðmælanda 1, og viðmælanda 2 þakkar höfundur mikið og innilega.

1.1.2 Framkvæmd og meðhöndlun gagna

Framkvæmdin var fremur einföld. Höfundur skrifaði upp viðtalsramma sem sendur var á þátttakendur eftir að þeir höfðu gengist við beiðni um viðtal og var þeim gefinn kostur á að setja út á spurningar, biðjast undan þeim eða hvað annað sem þær snerti.

Viðmælandi 1 hitti höfund á lögmennsstofu sinni og var viðtalið tekið upp með hljóðupptöku í snjallsíma. Eftir viðtalið var viðmælanda tilkynnt að hann fengi afritun viðtals til yfirlstrar og samþykktar. Viðmælandi 1 afþakkaði boð um að höfundur skrifaði undir trúnaðaryfirlýsingu, þar sem loforð var gefið um að engar persónugreinanlegar upplýsingar kæmu nokkurs staðar fram.

Viðmælandi 2 hitti höfund á myndbandsfundi á Microsoft TEAMS og var notast við upptökueiginleika forritsins. Eftir viðtalið fékk viðmælandinn sömu upplýsingar og viðmælandi 1 af hendi höfundar og hann taldi sig ekki heldur hafa þörf fyrir undirritaða trúnaðaryfirlýsingu.

Í báðum tilfellum voru gögnin, það er, upptökurnar, fjarlægðar af þeim tækjum sem þær lágu á, og á það einnig við um þá skýjageymslu sem Microsoft TEAMS geymir sín gögn á. Höfundur tók ákvörðun um að geyma viðtölin á utanáliggjandi hörðum disk, og í möppu sem var dulkóðuð með 256-bitu dulkóðun. Eftir að hafa afritað viðtölin þá var skránum eytt, uppritun geymd á textaformi í dulkóðaðri möppu, og engin leið er til að persónu- eða kyngreina viðmælendur.

1.2 Áreiðanleiki og réttmæti rannsókna

Höfundur telur rannsóknarniðurstöðurnar trúanlegar þar sem að viðmælendur eru báðir þrælreyndir á því sviði sem var til umfjöllunar. Það liggur einnig styrkur í því að annar viðmælandinn hefur réttargæslu svo til að aðalstarfi, en hinn viðmælandinn hefur í meira mæli sinnt störfum sem verjandi sakborninga. Telur höfundur því að rannsóknin feli í sér styrk þar sem samhljómur einkennir svör viðmælanda, þrátt fyrir að þeir sitji stundum að vissu leyti sitthvoru megin við borðið.

Telur höfundur að rannsóknin hafi yfirfærslugildi og að niðurstöður hennar séu traustar, þar sem að með öllu viðbættu sem liggur að baki rannsókninni, svo sem lagagreinum og dómum, sem og reynslusögum, sé þess valdandi að ekki verður séð að taki sér það einhver fyrir hendur að framkvæma sömu rannsókn, á sömu forsendum og á sama grunni, komist að niðurstöðum sem séu á öndverðum meiði við það sem fram kemur í ritgerð þessari. „Áreiðanleiki tekur til þess að hve miklu leyti mætti reikna með sambærilegum eða sömu niðurstöðum ef rannsóknin væri endurtekin í sama þýði.“² Samkvæmt öllu þá má segja nokkuð örugglega að áreiðanleiki rannsóknarinnar sé mikill.

1.3 Siðferðileg álitaefni

Steinar Kvale, sem var danskur menntasálfræðingur og fyrrum stjórnandi miðstöðvar eigindlegra rannsókna við háskólann í Árósum Segir í bók sinni, *Interviews: An introduction to qualitative research interviewing*, að siðferði í eigindlegum rannsóknum byggji á þremur meginreglum. Skyldusiðfræði er leggur þá skyldu á rannsakanda að hann beri virðingu fyrir einstaklingnum sem tekur þátt og að hann beri ekki skaða af rannsókninni, þeirri reglu hefur verið fylgt í hvívetna við vinnslu þessa verkefnis, það er, trúnaður hefur ríkt og gögn geymd ópersónugreinanleg við öruggustu mögulegu aðstæður. Rannsóknin uppfyllir einnig meginregluna um að ávinningur sé af henni, sem og meginregluna um heilindi rannsakanda gagnvart þátttakendum.³

1.4 Takmarkanir

Takmarkanir í rannsókn þessari eru að meginhluta þær að niðurstöður byggja að vissu leyti á huglægu mati höfundar, sem og viðmælendanna, auk þess að réttarheimildir hafa í sumum tilfellum ákveðið svigrúm til mats. Hvorki er hægt að alhæfa um niðurstöðurnar, né heldur var rannsóknin sett fram með það að markmiði að sannreyna eða afsanna nokkurn hlut.

² María Heimisdóttir, „Faraldsfræði í dag: Réttmæti rannsóknarniðurstaðna“ (2003) 89(2) Læknablaðið 161 <<https://www.laeknabladid.is/media/skjol/2003-2/2003-02-u10.pdf>> skoðað 9. október.

³ Steinar Kvale, *Interviews: An Introduction to Qualitative Research Interviewing* (Sage 2005).

2 Inngangur

Í fréttum nútímans er í síauknum mæli fjallað um ýmiss konar sakamál og þá virðist kastljósið oftast en ekki beinast að sakborningum og verjendum sem þeirra hagsmuna gæta, þá frekar en að kastljósið beinist að brotapolum og réttargæslumönnum sem standa vörð um þeirra hagsmuni. Réttargæslumenn á Íslandi virðast í sumum tilfellum hafa eilítið annað, mögulega vægara, hlutverk en réttargæslumenn annarra landa, og þá sér í lagi nágrannaþjóða okkar, að því leyti að þeim virðist í dómaframkvæmd og við feril máls að mestu leyti ætlað að standa vörð um hagsmuni brotþola við það að setja fram einkaréttarkröfur í lok máls. Núverandi túlkun og notkun, rannsakennda og dómara á lagagreinum laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, virðist setja mestan fókus á þann hluta hlutverks réttargæslumanns, er snýr að vinnu við einkaréttarlegar kröfur brotþola.

Viðfangsefnið er til þess fallið að varpa ljósi á það hvernig ferill það sé sem fari í gang þegar lögregla hefur rannsókn í sakamáli, það er, hver er ferillinn við hagsmunagæslu brotþola, réttur hans til slíks, og hvaða tólum býr löggjafinn réttargæslumönnum til verksins. Í framhaldi verður leitast við að varpa ljósi á það hvort, og þá hvernig bæta megi umhverfið, skerpa á orðalagi lagagreina, eða jafnvel breyta þeim og bæta við þær, allt með það fyrir augum að ákvarða hvernig búa megi réttargæslumönnum skilvirkara umhverfi og færa þeim meiri stjórn í málum skjólstaðinga sinna. Í viðleitni til að svara rannsóknarspurningunni á sem raunverulegastan máta, þá ákvað höfundur að nauðsynlegt væri að fá persónulegar skoðanir og viðhorf fólks sem starfar við réttargæslu, þar sem ekki er verið að vinna með töluleg gögn, heldur manneskjur, skoðanir og tilfinningar.

Í þessu lokaverkefni mun höfundur leitast við að útskýra á sem bestan máta hvað liggur að baki þeim mikilvægu hugtökum sem fram koma í sakamáli og ferli þess, og einnig að sýna sakamál frá sjónarhorni réttargæslumanns og brotþola, á sem bestan hátt. Í þeirri vinnu hafði höfundur það að leiðarljósi að fá svar við spurningunni: „*Hvað er hægt að bæta í lagaumhverfi réttargæslumanna þannig að þeir geti betur sinnt mikilvægu hlutverki sínu í þágu brotþola í sakamálum?*“. Niðurstaðan mun að mestu leyti hafa hagnýtt gildi sem getur gagnast löggjafanum við útfærslu á breytingum lagaákvæða og getur niðurstaðan að sama skapi ýtt undir viðhorfsbreytingu þeirra sem að málum þessum koma, á öllum stigum.

Uppbygging lokaverkefnisins er á þann hátt að í meginmáli, sem fylgir í kjölfar á inngangi þessum, er ráðist strax til verks og vinnan dýpkar og dýpkar eftir því sem neðar er farið. Í verkefnið tvinnast tilvitnanir í viðmælendur sem tóku þátt í eigindlega rannsóknarhluta verkefnisins, sem ætlað er að gefa köflunum meiri dýpt og til þess að auka skilning lesanda. Von mín er sú að við lok lesturs þá sé lesandi fróðari um mögulega vankanta sem á lagaumhverfi réttargæslumanna eru, að lesandi geti myndað sér skoðun á málefninu og að lesanda hafi þótt nálgunin mannleg.

3 Lög nr. 88/2008 um meðferð sakamála

Í 1. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála⁴ er kveðið á um að hvert það mál sem höfðað er af ákærvaldi til refsingar lögum samkvæmt falli undir lög þau, nema annað sé lögæmt. Einnig falla undir lög þessi, samkvæmt 2. mgr. 1. gr., þau mál sem eru „... til þess að koma fram refsikenndum viðurlögum, svo sem öryggisgæslu og öðrum öryggisráðstöfunum, upptöku eigna, sviptingu réttinda og ómerkingu ummæla, ef ákærvaldið á sókn sakar, þótt ekki sé krafist refsingar í málinu.“

Lög þessi eru endurskoðuð nokkuð reglulega og um mögulegar úrbætur á þeim oft rætt á meðal þeirra sem reka mál samkvæmt þeim. Lög þessi tóku fyrst gildi 1. janúar 2009 samkvæmt 232. gr. þeirra. Lögin felldu úr gildi eldri lög nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, auk þess að fella úr gildi mikinn fjölda ákvæða sérlaga, og í einhverjum tilfellum lög í heild. Þessi gagngerða endurskoðun og nýja lagasetning kom til vegna tillagna og ábendinga um atriði sem þörfuðust breytinga, sem og almennri umræðu árána á undan, um inntak og efni eldri laganna. Til hliðsjónar voru hafðar þær breytingar sem orðið höfðu á dönskum og norskum lögum á réttarsviðinu.

Lögin tóku líka á því sem þá var, að þágildandi lög, og lög nr. 91/1991 um meðferð einkamála höfðu misjafnt orðaðar greinar yfir jafngilda hluti og segir um það í frumvarpi til laganna: „... er þar mælt á mismunandi hátt fyrir um reglur sem eiga

⁴ Hér eftir, eftir atvikum: sml.

*jöfnum höndum við á báðum réttarsviðum og horfa þar eins við. Því er engin ástæða til þess að orða þær öðruvísi, hvort sem í hlut eiga einkamál eða sakamál.*⁵

4 Lagaumhverfi réttargæslumanna

4.1 Réttargæslumaður

Réttargæslumaður er lögum samkvæmt sá aðili sem gætir hagsmuna brotþola í sakamáli, frá upphafi rannsóknar og þar til dómur er fallinn. Réttargæslumaður veitir margþætta aðstoð, og þar með talið að setja fram einkaréttarkröfur sem við eiga hverju sinni. Réttargæslumaður sér um samskipti við rannsakendur og ákærvald fyrir hönd brotþola og mætti segja að í hinni allra einföldustu mynd, að réttargæslumaður sé tengiliður brotþola við aðila máls.

Höfundur spurði viðmælendur sína, sem voru þátttakendur í eiginlegu rannsókn verkefnisins, aukalega í tölvupósti eftir að viðtölum var lokið hvort þeir gætu með eigin orðum skilgreint hugtakið sem um ræðir, og viðmælandi 1 skilaði líklega bestu útlistun á hlutverki réttargæslumanns sem höfundur hefur fundið og fær það því að fylgja hér orðrétt með:

Réttargæslumaður gætir hagsmuna brotþola við skýrslutöku, leiðbeinir brotþola um ferlið og eftir atvikum úrræði s.s. nálgunarbann, og svarar spurningum þar að lútandi. Réttargæslumaður er sömuleiðis tengiliður brotþola við lögreglu og ritar og leggur fram bótakröfu fyrir hans hönd. Réttargæslumaður upplýsir brotþola um afdrif málsins, hvort ákæra hafi verið útgefin eða málið fellt niður. Ef mál er fellt niður getur réttargæslumaður kært þá niðurstöðu að beiðni brotþola. Sé ákæra útgefin gætir réttargæslumaður hagsmuna brotþola fyrir dómi, rökstyður bótakröfu í málflutningi og heldur brotþola upplýstum um framvindu mála. Þá tilkynnir réttargæslumaður bótakröfu til bótanefndar ríkisins og óskar eftir greiðslu bóta skv. dómi eða mati bótanefndar. Í samskiptum og leiðbeiningarhlutverki réttargæslumanns felst oftast en ekki ákveðin sálgæsla, sem er viðvarandi allt þar til málinu er lokið (Viðmælandi 1).

4.1.1 Tilnefning og skipun réttargæslumanns

Réttargæslumaður er eftir atvikum, tilnefndur af lögreglu við upphaf rannsóknar, eða skipaður af dómara við upphaf dómsmáls, að tilteknum skilyrðum uppfylltum sem eru skilgreind í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Athygli skal vakin á að skipun

⁵ Alþt. 2007-2008, A-deild, þskj. 252 – 233. mál.

réttargæslumanns af hendi dómara fylgir sömu formreglum og þegar lögregla tilnefnir réttargæslumann við upphaf rannsóknar, 42. gr. sml. mælir um að þegar mál hefur verið höfðað, þá vísist til sömu skilyrða og talin eru í 41. gr. sml. um tilnefningu við upphaf rannsóknar. Um: „... *tilnefningu, skipun og hæfi réttargæslumanns, svo og afturköllun á tilnefningu og skipun hans, eftir því sem við á.*“ er mælt fyrir í 33. og 34. gr. sml., og er þar um að ræða sömu skilyrði og eiga við um skipun verjanda sakbornings.

4.1.1.1 Brot er varða XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940

Þegar um kynferðisbrot er að ræða, þá er lögmaður tilnefndur sem réttargæslumaður af hálfu lögreglu, samkvæmt 1. mgr. 41. gr. sml. er áskilur að svo sé gert við upphaf rannsóknar þeirra mála sem falla undir XXII. kafla almennra hegningarlaga, sem fjallar um þann brotaflokk. Sú tilnefning er sett fram eftir ósk brotaþola, en lögreglu er þó í öllum tilfellum skylt að gera svo, þegar um er að ræða barn undir 18 ára aldri, óháð því hvort barn eða forráðamaður óskar þess, eða biðst undan því. Á síðari stigum, þegar þess konar mál koma til kasta dómstóla þá er það dómari sem skipar barni undir 18 ára réttargæslumann til hagsmunagæslu, og sama gildir um skipun réttargæslumanns fyrir fullorðinn einstakling, ef hann óskar þess.

4.1.1.2 Brot er varða XXIII. og XXIV. Kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940

Hafi brotaþoli orðið fyrir lífshættulegum áverkum af völdum annars aðila eða að gegn frjálrsæði hans hafi verið brotið með stórvægilegum hætti er lögreglu skylt, eftir ósk brotaþola að tilnefna honum réttargæslumann á meðan að á rannsókn máls stendur, líkt og mælt er fyrir í 2. mg. 41. gr. sml. Þetta er þó háð sjálfstæðu mati sem lögreglu er gefið að framkvæma, líkt og mælt er í 2. máls. málgreinarinnar: „*Það er skilyrði fyrir tilnefningu réttargæslumanns samkvæmt þessari málsgrein að brotaþoli hafi að mati lögreglu þörf fyrir sérstaka aðstoð réttargæslumanns til þess að gæta hagsmuna sinna í málinu*“.

4.1.2 Einkaréttarlegar kröfur í sakamáli

Eitt af þeim verkum sem réttargæsluönnun er með lögum sett að sinna, er að sjá um rekstur á einkaréttarlegum kröfum í sakamáli, auk þess að leiðbeina brotaþola um gerð slíkrar kröfu. Samkvæmt 5. mgr. reglugerðar nr. 651/2009 um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl. þá ber lögreglu að tilkynna brotaþola um rétt sinn til að fara fram á skaðabætur og kemur það þá í hlut réttargæslumanns að: „*Krefjist*

hann bóta vegna líkamstjóns, miska eða tjóns á munum, skal tilgreina fjárhæð og styðja gögnum eins og frekast er kostur, eftir atvikum innan ákveðinna tímamarka.“

Er þetta hlutverk réttargæslumanns einnig mælt fyrir um í 1. mgr. 45. gr. sml. og skal koma slíkri kröfu á framfæri við lögreglu á meðan að rannsókn stendur yfir, samkvæmt 173. gr. sml., og þarf sú krafa að liggja fyrir þegar að ákærvaldið gefur út ákæru sbr. 152. gr. sml. Undantekningu má gera að skilyrðum annarra viðeigandi greina sml. uppfylltum.

Brotapoli er ekki aðili máls, en hafi hann uppi einkaréttarlega kröfu samkvæmt XXVI. kafla sml. þá: „... *nýtur hann þó, að því er þann þátt málsins varðar, sömu réttarstöðu og aðili að einkamáli, eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum.*“ Raunin virðist vera, í einhverjum tilfellum, að rannsakendur, ákærvald og dómara líti svo á að eitt helsta, jafnvel nánast eina, hlutverk réttargæslumanna sé að setja fram þessar kröfur, og það sé í raun borin frekar lítil virðing fyrir hinum, sem að mati höfundar er, veigameiri þætti, það er raunverulegrar réttar- og hagsmunagæslu.

Að leggja fram einkaréttarlega kröfu í sakamáli, sem rekin er samhliða því, getur reynst vandasamt og má leiða líkur að því að það sé einmitt ástæðan fyrir því hversu skýrt sé mælt fyrir um þann hluta af skyldum réttargæslumanns í ákvæðum sml. Raunin er sú, eðli málsins samkvæmt, að það er ekki nóg að setja tölu á blað og segja *hér er krafan, borgaðu mér.* Í 2. mgr. 173. gr. sml. er að finna lista yfir þá hluti sem geta skal í greinargerð um kröfu, sem skal svo afhent lögreglu eða ákærvaldi. Í fyrstu bókstafslíðum málgreinarinnar er að finna mjög almennar upplýsingar eins og nafn kröfuhafa, nafn réttargæslumanns og svo innihald kröfunnar sjálfrar, en í e- og f-lið sömu mgr. er að finna veigamikla þætti eins og útlistun á þeim málstástæðum sem krafan er byggð á, sem og útlistun eða tilvísana til þeirra réttarreglna eða lagaákvæða sem rekstur kröfunnar er studdur við. Í 3. mgr. 173. gr. segir einnig að þegar réttargæslumaður afhendir lögreglu eða ákæranda skriflega greinargerð sína, þá skulu einnig fylgja með öll viðeigandi gögn sem snerta málalíbúnaðinn, ef þau eru ekki nú þegar fyrirbyggjandi í málgögnum.

4.1.2.1 Dómur Landsréttar föstudaginn 24. febrúar 2023

Dómur Landsréttar í máli nr. 606/2022 féll föstudaginn 24. febrúar 2023. Um var að ræða málsmeðferð á áfrýjuðum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 25. ágúst 2022 þar

sem kveðinn var upp dómur í máli sem Héraðssaksóknari rak gegn tveimur ákærðum, sem í ákæruliðum voru taldir hafa framið brot gegn ákvæðum XXIII. kafla hgl. Í málinu lágu fyrir tvær einkaréttarkröfur sem lagðar voru fram af hálfu brotaþola og hljóðaði önnur þeirra uppá 900.000 kr., og hin upp á 4.139.911 kr. Dómari ákvarðaði sem svo að brotaþoli ætti rétt á bótum úr hendi hinna ákærðu í báðum tilfellum en lækkaði upphæðirnar þó töluvert. Voru brotaþola dæmdar bætur upp á 1.500.000 kr. og 400.000 kr. Segir í dóminum: „*Aðrir kröfuliðir í bótakröfu [brotaþola] sem hefur verið andmælt eru ekki studdir nægum gögnum og er sá hluti kröfunnar ódómtækur og ber að vísa honum frá dómi.*“⁶ Annar ákærðu, sem þessar tilteknu einkaréttarkröfur sneru að hlaut tveggja og hálfis árs fangelsi og málinu var áfrýjað til Landsréttar af ríkissaksóknara.

Við meðferð málsins fyrir Landsrétti voru dómkröfur er vörðuðu einkaréttarkröfurnar hinar sömu og lagðar voru fram í hinum áfrýjaða Héraðsdómi. Dómarar Landsréttar þyngdu refsingu ákærða umtalsvert, en ákvörðuðu að dómur Héraðsdóms er varðaði einkaréttarkröfur brotaþola skyldi standa óraskaður. Samkvæmt orðalagi Héraðsdóms í hinu áfrýjaða máli má því leiða að því líkur að við kröfugerð hafi eitthvað vantað upp á e- og f-lið 2. mgr. 173. gr. sml., eða jafnvel að kröfugerðin hafi verið að einhverjum hluta byggð á gögnum sem hafi misfarist að láta fylgja með greinargerðinni, og Landsréttur var sammála því.

4.1.2.2 Vanda þarf til verka

Þó er það ekki einungis í þeim tilfellum sem dómari telur eitthvað vanta upp á kröfugerð sem að brotaþoli getur lotið í lægra haldi er kemur að einkaréttarkröfu. Annar viðmælandi minn hafði orð á því þegar misbrestur varð á vinnuferlum lögreglu þegar ákæra var gefin út í máli sem hann starfaði við, en mannleg mistök lögreglu urðu til þess að bótakrafan fór ekki inn í ákærana. Telur viðmælandinn lögreglu, eða ákæruvaldið geta skerpt á vinnuferlum sínum og með lítilli fyrirhöfn girt fyrir svo afdrifarík mistök: „... að það sé kannski góð vinnuregla að hafa samband við réttargæslumann, ef það liggur fyrir að viðkomandi er með réttargæslumann ...“. Segir viðmælandinn enn fremur að sökum þess að: „... þetta hefur svo afgerandi afleiðingar

⁶ Lrd. 24. febrúar 2023 í máli nr. 606/2022.

ef bótakrafan er ekki inni í ákærinni en hún liggur sannarlega fyrir þá bara ekkert hægt að gera neitt.“ Þarna er spurning hvort, þar sem það lá fyrir að brotþoli hlyti liðsinnis réttargæslumanns, að ákærandi hefði mögulega átt að hafa samband eða athuga hvort að bótakrafa lægi fyrir, alveg eins og ákærandi hefði samkvæmt 5. mgr. 173. gr. sml. átt að gæta að því að krafa sem sett hefði verið fram væri „... réttilega úr garði gerð ...“ og að henni fylgdu þau gögn sem nauðsynleg væru.

4.1.2.3 Einkaréttarlega krafan í raun bara brot af hlutverki réttargæslumanns

Höfundur spurði viðmælendur sína út í þetta atriði laganna, sem svo mikil áhersla er lögð á: „*Lítur þú svo á að hlutverk réttargæslumanns sé nánast eingöngu það að setja fram einkaréttarlega kröfu við lok máls?*“ Viðmælendur mínir voru að efninu til sammála um að hlutverk réttargæslumanns sé í raun mun viðmeira en almennt virðist vera viðurkennt af aðilum máls og að í raun, þá sé það minnstur tími sem fari í sjálfa einkaréttarlegu kröfuna. Viðmælandi 1 bendir þó réttilega á, sem er skiljanlegt eins og löggin standa, að einkaréttarlega krafan sé helsta hlutverk réttargæslumanns þegar kemur að meðferð máls fyrir dómi: „*Það er auðvitað helsta verkefnið svona í lagalegum skilningi, ... og það er það sem að réttargæslumaður hefur sem helsta hlutverk við meðferð máls fyrir dómi ...*“ en staðan er þó sú að ferlið áður en meðferð hefst fyrir dómi er alla jafna langt og strangt og þar sér réttargæslumaður um fjölmörg atriði sem ekki er beint mælt fyrir um í lögum: „*Svo er voða mikið, sem er auðvitað ekki lagatæknilegt, ... þessi sálgæsla sem að bara fylgir óhjákvæmilega og ... auðvitað misjafnt á milli einstaklinga hvað fólk þarf mikið utanumhald.*“ og nefnir viðmælandinn nokkur atriði í því samhengi, eins og til dæmis þegar mál eru á rannsóknarstigi þá sé það hlutverk réttargæslumanns að:

... miðla samskiptum á milli lögreglu og brotþola og koma einhverjum kröfum áleiðis til dæmis nálgunarbann eða neyðarhnappur eða eitthvað svoleiðis og sömuleiðis ef það eru gögn sem brotþoli vill koma á framfæri við lögreglu og þá er það yfirleitt í gegnum réttargæslumann (viðmælandi 1).

Það stóð ekki á svarinu við þessari spurningu hjá viðmælanda 2, sem var einfaldlega: „*Alls ekki ... [réttargæslumaður] á náttúrulega að vera þessi tengiliður ... milliliður við lögreglu, ráðgjafi ...*“ og það á ekki bara við einhvern einn afmarkaðan anga málsins: „*... hvort sem er í tengslum við skýrsluna, kærana, einkaréttarkröfuna eða annað og bara vera svona ... stöð og stytta ... þú ert þarna fyrir brotþola.*“ Minnstur tími virðist því fara í þetta, sem talið er réttargæslumanns helsta verkefni, samkvæmt lögum:

... þannig að ég myndi segja að það sé nú yfirleitt þannig að varðandi þann tíma sem maður leggur í mál sem réttargæslumaður að minni hlutinn af tímanum fer í að forma sjálfa einkaréttarkröfuna, meirihlutinn fer í samskipti við brotþola eða mögulega yfirferð gagna eða eitthvað slíkt (viðmælandi 2).

4.1.3 Viðhorf ákærvalds og dómara gagnvart hlutverki réttargæslumanns

Það viðhorf sem réttargæslumenn mæta almennt í störfum sínum virðist oft á tíðum vera eitthvað sem valda ætti áhyggjum, sem og það sem fram kemur að ofan, að hlutverk réttargæslumanna sé kannski að nokkru leyti vanmetið, þegar svo hentar.

Svala Ísfeld Ólafsdóttir kemur inn á þetta viðhorf í garð réttargæslumanna í vef tímaritsgrein Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála árið 2008, og kemur efni hennar inn á þóknun réttargæslumanna sem er ítarlega rætt um í sérkafla síðar í þessu lokaverkefni. Grein Svölu byggði á viðtölum við sex dómara og í kafla greinar hennar, sem kemur inn á það hversu lágar miskabætur væru almennt í sakamálum og að á bakvið miskabótakröfur lægi stundum ekki *nægilega mikil vinna eða nægilega ítarleg gögn til að styðja við kröfuna* [áhersluauki minn], segir:

Þetta var rakið til þess að of margir dómarar hafi vanmetið þýðingu starfa réttargæslumanna sem hefðu það hlutverk að gæta hagsmuna þolandans og *verið tregir til að úrskurða þeim nægilega háa þóknun fyrir störf þeirra. Leiddi það til þess að þeir legðu minni vinnu í málið en æskilegt væri* [áhersluauki minn].⁷

Grein Svölu Ísfeld ætti að líta á sem tilefni til endurskoðunar, og að kröfu skuli gera um að það fari fram gagnger viðhorfsbreyting dómara og rannsakenda í garð réttargæslumanna. Ef rétt reynist, að einkaréttarkröfur misfarist sökum þess að réttargæslumenn veigri sér við að setja of mikinn tíma í vinnuna við þær, vegna vanmats dómara á starfi þeirra, þá erum við ekki á réttri leið. Eftir samtöl mín við viðmælendur, þá kom í ljós að þetta vandamál á enn vel við, þó svo að greinin sé frá árinu 2008.

Viðmælendur mínir fengu spurninguna: „*Hvaða viðhorf þykir þér að rannsakendur og dómarar beri til aðkomu réttargæslumanna og hlutverks þeirra?*“ Viðmælandi 1 taldi að þarna væri aðallega um að ræða einstaklingsbundinn mun á milli starfsfólks, en að rannsakendur virtust þó: „... *að ákveðnu leyti ætlast til að*

⁷ Svala Ísfeld Ólafsdóttir, „Viðhorf dómara til fyrningar sakar í kynferðisbrotum gegn börnum“ (2008) 4(2) Stjórn mála og stjórnsýsla – vef tímarit <<https://skemman.is/bitstream/1946/8979/1/a.2008.4.2.3.pdf>> Skoðað 29.10.2023.

réttargæslumenn sinni meira utanumhaldi heldur en kannski lögin gera ráð fyrir ...“ og kemur hann þar inn á sálgæsluhlutverkið sem réttargæslumenn sinna svo sannarlega. Viðmælandanum þykir sálgæsluhlutverkið vera veigamikið og af hinu góða, en aðilar þurfi að skilja: „... *að þetta er ekki ókeypis þjónusta ...*“. Þetta sálgæsluhlutverk hefur oft reynst erfitt að fá þóknun greidda fyrir og er það vegna þess viðhorfs að réttargæslumaður hafi valið sér þetta, og því sé hjá því komist að greiða fyrir það. Segir viðmælandi 1 enn fremur: „... *maður merkir það alveg að sumir dómarar telja bara réttargæslumenn óþarfa, sem er ekki gott.*“ en það virðist vera svo að rannsakendur sýni hlutverki réttargæslumanns meiri virðingu:

Rannsakendur kannski þurfa meira á okkur að halda upp á samskiptin og annað þannig að þeir finna kannski betur fyrir því hversu mikilvægt þetta er en dómararnir eru náttúrulega aldrei í einhverju beinu sambandi við brotþola eða nokkuð slíkt, þannig að þeir kannski sjá ekki alveg jafn mikla þörf fyrir réttargæslumenn (viðmælandi 1).

Viðmælandi 2 segir: „*Heyrðu, þetta er náttúrulega milljón dollara spurningin.*“ Með fyrirvara á að viðmælandinn ætli ekki að gera sér upp hvaða hugarfar aðrir hafi, þá heldur hann áfram:

... ég held að bæði lögreglumenn, rannsakendur og dómarar átti sig ekki á umfangi þeirrar vinnu sem fer í að sinna réttargæslu fyrir brotþola, og ég tel það birtast í því ... að þóknun réttargæslumanna, lögmanna sem starfa sem réttargæslumenn, að hún er ákvörðuð annaðhvort af saksóknara hjá lögreglu ef að málið klárast þar, eða hjá dómara ef að málið endar með úrskurði eða dómi og það er ekki bara mín frásögn, það er frásögn örugglega flestra sem þú talar við sem að hafa verið í þessu að menn eiga erfitt með að fá greitt fyrir vinnu sína samkvæmt vinnuskýrslu, þetta er svosem gömul saga og ný í þessari stétt ... að [réttargæslu]menn, hvort sem það er í verjendastörfum eða gjafsóknarmálum, þegar að dómarar eru að úrskurða um tímafjöldann, skera niður eða eitthvað slíkt að þá eru menn ósáttir við að fá ekki greitt fyrir vinnu sína, eðlilega, en mér finnst þetta vera verst í réttargæslu því að *viðhorfið er þá kannski bara, heyrdu, réttargæslumaður hans hlutverk er nú bara að mæta þarna í skýrslutöku, rifja upp einhverja einkaréttarkröfu sem hann hefur gert þúsund sinnum og er bara klukkutíma að gera og sitja hérna og halda kjafri sko, það er nú ekki hægt að borga mörg hundruð þúsund krónur fyrir það [áhersluauki minn], en þetta er allt saman, yfirleitt, nánast undantekningalaust fólk sem tekur þessa ákvörðun, sem hefur aldrei sinnt réttargæslu fyrir brotþola og þar af leiðandi held ég að þau hafi ekki skilning á því ...* (viðmælandi 2).

Viðmælandi 1 sagði, þrátt fyrir allt þó blikur á lofti, eftir síðustu lagabreytingu sem gerði réttargæslumönnum það kleyft að spyrja beinna spurninga, að það gæti jafnvel breytt þeirri dýnamík sem hefur verið ráðandi í réttarsal fram að þessu:

... núna höfum við heimild til að spyrja beinna spurninga, sem við höfðum ekki áður og ég merkti það alveg þegar að það tók gildi að þá svona, kom svona svolítið á bæði dómara og verjendur, bara bíddu, afhverju ert þú að ... bara það er búið að setja ný lög, ég má. Þannig að kannski breytir það einhverju þú veist, breytir það fílingnum í dóminum (viðmælandi 1).

4.2 Lögregla

Lögregla fer með rannsóknarhlutverk í sakamáli samkvæmt 1.mgr. 52. gr. sml., og er það sama tiltekið í lögreglulögum nr. 90/1996⁸, nánar til tekið c-lið 2. mgr. 1. gr. sem mælir fyrir að hlutverk lögreglu sé: „... að vinna að uppljóstran brota, stöðva ólögmeta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála eða öðrum lögum.“ Vísast þar í sml.

Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008 inniheldur engar leiðbeiningar um skipulag, né heldur verkaskiptingu þegar lögregla sinnir rannsókn. Þær leiðbeiningar er hinsvegar að finna í greinum Irgl., sem tiltaka að rannsókn refsiverðra brota sem ekki falla í flokk skatta- og efnahagsbrota, landráðs og brota gegn æðstu stjórnskipan ríkisins, skuli vera á forræði lögreglu í einstökum lögregluumdæmum undir viðeigandi lögreglustjóra,⁹ eins og sjá má í 1. mgr. 8. gr. Irgl.: „Lögreglan annast rannsókn brota undir stjórn héraðssaksóknara eða lögreglustjóra. Brot skal rannsaka í því umdæmi þar sem þau eru framin ...“. Þó svo að grunnreglur séu til staðar um verkaskiptingu á milli embætta þá er það svo í raun að embættin þurfa að vera sveigjanleg, verkaskiptingin er í raun fyrst og fremst byggð á hagkvæmnissjónarmiðum.¹⁰ Lög mæla svo fyrir um í 6. mgr. 8 gr. Irgl. að tæknideild skuli vera starfrækt af embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, sem og viðhald af fingrafarasafni, og skal tæknideildin „... þjóna öllum lögregluumdæmum landsins og setur ríkislögreglustjóri nánari reglur um starfrækslu hennar.“

4.2.1 Skyldur lögreglu gagnvart réttargæslumanni

Lögregla, sem rannsakandi, ber miklar skyldur gagnvart brotaþola og réttargæslumanni hans. Má þar nefna veigamikil atriði í þágu brotaþola eins og 1. og 5. mgr. 47. gr. um

⁸ Hér eftir Irgl.

⁹ Eiríkur Tómasson. *Sakamálaréttarfar – Rannsókn Þvingunarráðstafanir* (Bókaútgáfan Codex 2012) 24-25.

¹⁰ Eiríkur Tómasson. *Sakamálaréttarfar – Rannsókn Þvingunarráðstafanir* (Bókaútgáfan Codex 2012) 24-25.

aðgang að upplýsingum og réttinum til að vera haldið upplýstum um stöðu mála. Greiður og hraður aðgangur að upplýsingum, sér í lagi á fyrstu stigum rannsóknar getur verið brotþola og réttargæslumanni hans nauðsynlegur við gerð einkaréttarkröfu, sem og ef grípa þurfi til aðgerða til verndar brotþola, svo sem að leggja fram beiðni um nálgunarbann, að meta þörf, og eftir atvikum útvega brotþola neyðarhnapp eða annað sem getur átt við, honum til varnar. Viðmælendur mínir fengu tvær spurningar er varða þessi tilteknu ákvæði. Fyrst var spurt: „*Hver er þín reynsla sem réttargæslumaður af því hversu skjótt gögn máls berast samkvæmt 47. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála?*“

Viðmælandi 1 bar lögreglu söguna vel, en hafði orð á því að vinnuálag væri mögulega sá þáttur sem hefði hvað mest að segja um það hversu vel innihaldi 47. gr. sml. væri í raun fylgt. Um reynslu sína sagði viðmælandinn: „*Hún er bara ágæt, það er mismunandi, kannski eftir bara vinnuálagi og svoleiðis hjá lögreglunni en alla jafna ... fæ ég gögnin bara mjög fljótlega eftir að ég óska eftir þeim.*“ Taldi viðmælandinn þó að mætti bæta verkferla, sem myndi á endanum spara tíma þeirra sem að þessum málum koma, sér í lagi þann hluta sem snýr að ferlinu við endurritun á skýrslum, að réttargæslumaður þurfi ekki stöðugt að vera að hringja til að athuga hvort skýrsla sé komin tilbaka: „*... ég væri alveg til að fá bara upplýsingar um það þegar gögnin eru komin tilbaka, þannig að ég sé ekki alltaf; er þetta komið til baka, er þetta tilbúið ...*“. Léttvæg athugasemd og viðmælandi 1 lokar svari sínu með: „*En allajafna bara fint, ekkert út á að setja sko.*“

Viðmælandi 2 segist merkja að lögreglan leggi töluverða hugsun í það hvaða gögn þeir afhenda og segir: „*Sko, lögreglan er mjög varkár í því að afhenda réttargæslumanni öll skjöl eða gögn máls, það er yfirleitt alveg sigtaður hellingur úr ...*“ en hver ástæðan sé fyrir því hvers vegna svo mikið er sigtað frá því sem réttargæslumaður fær afhent er eitthvað sem viðmælandinn veit ekki, kemur hann þar inn á að þörfin á öllum gögnum sé kannski minni hjá réttargæslumanni en verjanda sakbornings og kemur þar inn á hlutverk sitt, og stöðu brotþola sem vitnis: „*... auðvitað hefur réttargæslumaðurinn kannski ekkert endilega þörf fyrir öll rannsóknargögn, hans hlutverk og hlutverk brotþola sem vitnis er kannski ekkert það sama og hlutverk verjanda eða hlutverk rannsakandans sjálfs.*“ Að öðru leyti vísar

viðmælandi 2 til svipaðra atriða og viðmælandi 1, að þetta sé persónu- og álagsbundið, oft berist gögn samdægurs en einnig geti misbrestur orðið á því:

... oft hefur það gengið mjög illa, því að maður hefur þurft að senda þrjá fjóra pósta og hringja á eftir þessu og, ég veit ekkert hvort að það hefur verið, hvort að lögreglumaðurinn hafi haft einhvern ásetning til að halda frá mér gögnum, alls ekki, hann hefur bara haft eitthvað annað að gera, annað mikilvægara að gera en að svara mér ... (viðmælandi 2).

Viðmælandi 2 hrósar kynferðisafbrotadeild Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu sérstaklega: „*Mér finnst kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu vera búin að bæta sig mikið í þessu og þau standa framar öðrum sviðum og deildum innan lögreglunnar myndi ég segja.*“

Almennt verður ekki annað séð en að lögregluembættin standi sig að stærstum hluta vel í því í að afhenda gögn og að helsti flöskuhálsinn gæti eindaldlega verið annríki sem, og formsatriði líkt og endurritun. Ánægjulegt er að sjá að viðmælandi 2 merki bætingu á afhendingu og afgreiðslu gagna frá kynferðisbrotadeild Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og spurning hvort það megi rekja til fjölgunar í hópi rannsóknarlögreglumönnum við deildina, líkt og greint var frá á vef Morgunblaðsins 30. september 2022: „*Töluvert hefur verið bætt í mannafla í kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu að undanfögnu til þess að ráða bót á löngum málsmeðferðartíma.*“¹¹

Lögreglu er einnig lögum samkvæmt gert það skylt að gera réttargæslumanni það kleyft að fylgjast með framvindu rannsóknar, sem og að taka við ábendingum um tilteknar rannsóknaraðgerðir og eftir atvikum taka þær til greina. Um þetta er mælt fyrir í 5. mgr. 47. gr. sml. Viðmælendur voru beðnir um að lýsa sinni skoðun á því hversu vel þetta ákvæði reynist í raun: „*Hversu vel þykir þér lögregla fylgja ákvæði 5. mgr. 47. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála [viðmælandi 2 spurður um 1. og 2. máls]., og hefur þú lent í því að það hafi hreinlega verið virt að vettugi?*“ Svar viðmælanda 1 birtist í kaflanum um einkaréttarlegar kröfur að ofan og til upprifjunar þá sneru athugasemdir hans aðallega að því sem mætti flokka undir mannleg mistök og

¹¹ Ragnheiður Birgisdóttir, „Fjölga fólki í kynferðisbrotadeild“ *Morgunblaðið* (Reykjavík 30. september 2022). <https://www.mbl.is/frettir/innlent/2022/09/30/fjolga_folki_i_kynferdisbrotadeild/> skoðað 25. september 2023.

samskiptaleysi, og að lögregla mætti leggja það í vana sinn að: „... áður en ákæra er út gefin, að tékka á brotþola eða réttargæslumanni ...“.

Viðmælandi 1 tjáði sig ekki um 2. málsl. 5. mgr. 47. gr. sml., en það gerði viðmælandi 2: „Ég hef alveg lent í því að hérna, og ég er bara með dæmi sem gerðist núna í ár eða fyrra að ég bendi á það að það séu [gögn]...“ og rakti hann í framhaldi furðu sína á því sem fylgdi, því að þarna hafi verið um að ræða: „... lykildagn í þessu tiltekna máli.“, með áherslu á hefði, því lögregla brást ekki við ábendingunni, líkt og henni er skylt samkvæmt lögum. Eftir að málið var fellt niður og viðmælandinn fékk málgögnin í sínar hendur komst hann að því lögregla kallaði ekki eftir þessum gögnum fyrir en löngu eftir að þeim hafði verið eytt: „... sjö til átta mánuðum eftir að rannsókn hófst ...“:

Þannig að þarna eru ábendingar um rannsóknaraðgerðir ekki teknar til greina, ... og man nú ekki eftir að hafa fengið svarið að þær væru óheimilar eða þýðingalausar ... Þessu var allavega ekki sinnt og þetta er eitthvað sem mér finnst vera svolítið blátant [í hróplegt] því að burtséð frá einhverri ábendingu frá mér þá er þetta nú bara í samræmi við lagaskyldu lögreglu um það sem hún á að gera við rannsókn mála, að afla allra tiltækra gagna sem leitt geti í ljós ... (viðmælandi 2).

Mannlegu mistökin, og mögulega skortur á vissum þáttum er snúa að samskiptum og framkomu eru þau atriði sem virðast vera hvað mest hamlandi þegar kemur að upplýsingaskiptum á milli réttargæslumanna og þeim er með rannsókn máls fara. Svo virðast leynast tilfelli inn á milli þar sem lögregla hreinlega ákveður að bregðast ekki við verulega þýðingarmiklum ábendingum réttargæslumanna, með afdrifaríkum afleiðingum fyrir brotþola.

4.2.2 Mat lögreglu á þörf fyrir sérstaka aðstoð samkvæmt 2. mgr. 41. gr. sml.

Eins og áður hefur verið nefnt þá er lögreglu með lögum veitt, í ákveðnum tilikum, svigrúm til mats á því hver þurfi raunverulega á liðsinni réttargæslumanns að halda, en á hverju byggir lögregla þetta mat sem henni er falið samkvæmt 2. másl. 2. mgr. 41. gr. sml.? Er um að ræða huglægt, eða hlutlægt mat? Höfundur tókst ekki að finna skýringu í lagafrumvörpum eða öðrum gögnum. Ef brotið er gegn ákvæðum XXIII. eða XXIV. kafla hgl., eða 251.-253. gr. hgl., laganna og ætla má að brotþoli hafi orðið fyrir verulegu tjóni á líkama eða andlegu heilbrigði af völdum brotsins eða að brotið hafi verið gegn honum af einhverjum sem er honum nákominn, eins og mælt er fyrir í 1. másl. 2. mgr. 41.gr., er þörfin þá ekki klárlega til staðar? Höfundur veltir fyrir sér

hvort þetta mat geti að einhverju leyti frekar átt við ef upp koma þær aðstæður að óvíst er hver framdi brotið og þá mögulega ekki hægt að setja fram einkaréttarkröfu, en það verða þó að teljast hæpin rök fyrir því að neita brotþola um réttargæslumann samkvæmt einverju mati lögreglu, því eins og hefur verið reynt að sýna fram á í lokaverkefni þessu, þá er hlutverk réttargæslumanns svo mikið stærra og víðara en bara þessi eini þáttur þess. Réttargæslumaður veitir aðstoð og veitir rannsakendum einnig ákveðið aðhald, burtséð frá því hvort að mögulega einkaréttarkröfu sé að finna í málinu.

Höfundur leitaði álits viðmælanda sinna á þessari málsgrein 41. gr., hvort þeim sem störfuðu í þessu umhverfi þætti eðlilegt að lögregla geti bundið slíka ákvörðun í persónulegu mati, án þess að það sé í raun nægilega stífur rammi til leiðbeiningar því mati. Spurningin sem var borin upp var: „*Hver er þín reynsla af því mati lögreglu á sérstakri þörf, um skilyrði fyrir tilnefningu réttargæslumanns samkvæmt 41. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála?*“ Viðmælandi 1 segir hreint út að:

það er náttúrulega bara bull þetta ákvæði og hérna, vegna þess að ég tel að brotþoli alveg eins og sakborningur hafi þörf fyrir það að hafa með sér lögmann í þessum málum sko, og tala nú ekki um ef það er bótakrafa, að þá er tel ég alveg augljóst að það sé þörf.

Telur viðmælandinn að dómstólar deili ekki þessari sýn með sér: „... *sem að mér finnst skrýtið og ég held að það ætti kannski að setja bara einhverja skýra línu með þetta ...*“. Þó er athyglisvert að sjá að, þrátt fyrir hugleiðingar höfundar hér að ofan um hvort þetta sé frekar notað þegar bótakröfur eru ekki hluti máls, að svo virðist vera sem að þetta mat, og vanmat jafnvel, eigi jafnt við um þegar bótakrafa er svo sannarlega hluti málsins:

... ef þú ert með bótakröfu inn í máli að þá þarftu lögmann til þess að fylgja því eftir, þú þarft lögmann til þess að skrifa bótakröfuna bara svo að hún sé rétt gerð og uppfylli þessu lagalegu skilyrði þannig að dómur geti lagt mat á hana sko. Ég meina, ég held að það sé, já einkum og sér í lagi þegar það eru börn eða það er bótakrafa, þá þarftu að hafa réttargæslumann. Það er mitt mat og það er ekki endilega mat lögreglu eða dómstóla, sem mér þykir miður (viðmælandi 1).

Viðmælandi 2 segist sýna því skilning ef brotið er þeim mun léttvægara að lögregla geti lagt mat á þörfina: „... *ég skil það alveg að menn kannski, þú veist ef þú færð eitt lítið hnefahögg í miðbæ Reykjavíkur og lítinn marblett í kjölfarið, kannski áttu ekki rétt á því að ríkið borgi fyrir þig aðstoð réttargæslumanns.*“ Viðmælandinn lýsti því í framhaldi að hann væri þó ósáttur við að lögregla og dómstólar túlki þetta almennt

jafnvel of þröngt, eða að brotaþoli fái jafnvel ekki að njóta vafans: „... mér finnst lögreglan ... mér finnst hún túlka þetta, veit ekki hvort ég á að segja þröngt en svona, brotaþoli nýtur ekki vafans í þessu ...“. Viðmælandanum finnst einnig að í sumum tilfellum sé ekki rétt sú leið að ákvarða þörf eftir skorti á alvarleika brots, heldur ætti að leyfa brotaþolum raunverulega að njóta vafans, og mæta þeim þar sem þeir eru:

... undanfarið þá hef ég lent í því að vera með kannski brotaþola sem ... myndu uppfylla skilyrði ... [um einstaklinga] með einhverskonar fötlun, sérstaklega þegar kannski um andlega fötlun er að ræða og þá myndi ég telja að þetta skilyrði væri alveg sniðið að slíkum aðstæðum og þá held ég að það ætti ekki að horfa mikið á kannski alvarleika verknaðarins eða einhverra afleiðinga utan frá eins og þær horfa við, heldur bara að leyfa mönnum að njóta vafans og þetta hef ég verið ósáttur við ... brotaþolar sem kannski eru einhverskonar minnimáttar, þegar ég segi fatlaðir einstaklingar þá er ég kannski að tala um menn sem eru kannski með einhverjar ... bara smávægilegar skerðingar og þetta getur hitt þá harðar heldur en venjulegan mann. Þannig að þetta er svona mín reynsla, ég hérna, ég held að lögreglan ... hún er ekki nógu gjafmild á tilnefningar (viðmælandi 2).

Viðmælendur mínir eru á sama máli varðandi þetta ákvæði, að efninu til, að það sé ekki til þess fallið að koma brotaþolum vel, eða eins og viðmælandi 1 sagði, að þetta ákvæði væri hreinlega bull, og viðmælandi 2 hafði ekki góða reynslu af nýtingu þess, og taldi lögreglu ekki vera nægilega gjafmilda á tilnefningar.

Matið sem lögreglu er sett ætti mun frekar að nýta til þess að útvega þeim sem minna mega sín, aðstoð réttargæslumanns, án áskilnaðar um að brotið nái einhverjum fyrir fram ákveðnum alvarleika þröskuldi, sú nýting ákvæðisins hlýtur að vera það sem löggjafinn hafði í huga, frekar en að þetta mat sé nýtt í að draga úr möguleikum brotaþola til að njóta hagsmunagæslu í sakamáli.

Hér að neðan er stuttlega rakinn dómur sem kom upp í samtali við viðmælanda 2. Dómurinn fjallar um beiðni um skipun réttargæslumanns í máli sem var rekið fyrir Héraðsdómstól, og um skipun eftir að mál hefur verið höfðað gilda sömu skilyrði og talin eru í 1.-4. mgr. 41. gr., líkt og þegar lögregla tilnefnir réttargæslumann við upphaf rannsóknar, og þar með talið þetta umrædda mat á *sérstakri þörf*.

4.2.2.1 Dómur Hæstaréttar Íslands mánudaginn 10. febrúar 2014 nr. 74/2014

Sá áskilnaður um að brotaþoli skuli þola lífshættulega áverka á líkama, frjálstræði eða að á honum hafi verið brotið með stórvægilegum hætti er eigi svo ótvíræður að honum sé ekki haggð.

Kröfu um skipun réttargæslumanns var hafnað með úrskurði í máli við Héraðsdóm Suðurlands þann 24. janúar 2014. Málavextir voru á þann veg að ákærði hafði ráðist að brotaþola, sem var samfangi hans, þar sem hann sat á bekk, og tróð hann saur í andlit brotaþola, auk þess að ráðast að honum með höggum. Læknisvottorð sem lögð voru fram við dóminn staðfestu minniháttar áverka eins og bólgu og tognun, sem og að litlar sem engar líkur væru á að sjúkdómar hafi getað smitast úr saurum sem í andlit hans var borinn. Var ákæran byggð á því að ákærði hefði gerst brotlegur við 217. og 225. gr. hgl.

Þrátt fyrir að skilyrði 42. gr. sml. til skipunar réttargæslumanns við höfðun máls hafi ekki verið til staðar, eftir laganna bókstaf, þá óskaði lögmaður brotaþola eftir því að hann yrði skipaður réttargæslumaður hans. Í einkaréttarkröfu sem lá fyrir í málinu, var til grundvallar lagt að:

... um hafi verið að ræða stórfellda og ólögmetna meingerð gegn persónu og líkama brotaþola sem hafi í för með sér miskatjón. Sé háttsemin til þess fallin að valda hjá brotaþola miklum andlegum þjáningum og óþægindum en brotaþoli hafi fundið fyrir miklu óöryggi og andlegri vanlíðan eftir þetta.¹²

Héraðsdómari felldi sig ekki að þeirri túlkun lögmanns brotaþola, að um væri að ræða brot sem væru til þess fallin að uppfylla skilyrði 2. mgr. 41. gr. sml. og að ekkert hafi að mati dómsins rennt stoðum undir þann málflutning lögmanns brotaþola. Úrskurðarorð héraðsdómara voru: „*Hafnað er kröfu um að [lögmaður brotaþola], verði skipaður réttargæslumaður fyrir brotaþola, A, í máli þessu.*“¹³

Lögmaður brotaþola skaut málinu til Hæstaréttar með kæru þann 28. janúar 2014 samkvæmt kæruheimild e-liðs, 1. mgr. 192. gr. sml. er fjallar um úrskurði héraðsdómara þar sem synjað er um skipun réttargæslumanns. Hæstiréttur tók málið fyrir mánudaginn 10. febrúar 2014 og felldi úrskurð Héraðsdóms Suðurlands úr gildi. Taldi Hæstiréttur að:

Sú háttsemi, sem varnaraðila er gefin að sök og lögð er refsing við í XXIII. og XXIV. kafla almennra hegningarlaga, verður að öllu virtu talin til þess fallin

¹² *Ríkissaksóknari g. X*, úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 24. janúar 2014.

¹³ *Ríkissaksóknari g. X*, úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 24. janúar 2014.

að valda verulegu tjóni á andlegu heilbrigði brotþola. Krafa hans verður því tekin til greina og lagt fyrir héraðsdómara að skipa honum réttargæslumann.¹⁴

Auk þeirra lögmaletu skilyrði sem er að finna í sml. eru eins og sjá má, dómafordæmi að finna þar sem dómara hafi talið brotþola eiga tilkall til réttargæslumanns þó brotið falli strangt til tekið ekki undir þá upptalningu sem er að finna í ákvæðum sml.

4.3 Verjandi

Lögreglu er skylt samkvæmt 1. mgr. 30. gr. sml. að verða við ósk sakbornings um að fá skipaðan verjanda úr hópi lögmannna við upphaf rannsóknar, ef handtakan er af þeim meiði að rannsóknar sé þörf, og hefur verjandi álíka hlutverk og réttargæslumaður hefur gagnvart brotþola, það er að gæta hagsmuna sakbornings.

Hlutverk skipaðs verjanda sakborning er samkvæmt 1. mgr. 35. gr. sml. „...að draga fram í málinu allt sem verða má skjólstæðingi hans til sýknu eða hagsbóta og gæta réttar hans í hvívetna.“ Sakborningur getur að auki ráðið sér lögmann á eigin kostnað samkvæmt 1. mgr. 32. gr. sml. og hefur sá lögmaður samkvæmt 2. mgr. 32. gr. sml:

Sömu réttindi og skyldur og verjandi eftir því sem við á. Meðan á rannsókn máls stendur má þó takmarka rétt hans til að ræða við sakborning, vera viðstaddur skýrslutöku, kynna sér gögn og fylgjast með framvindu rannsóknar ef hætta er á að hún torveldist við það.

4.3.1 Munur á hlutverki réttargæslumanns og verjanda

Það liggur ljóst fyrir að réttarstaða er misjöfn á milli réttargæslumanns og verjanda þar sem sakborningur er aðili máls, en brotþoli ekki. Höfundur veltir fyrir sér orðalagi greina sml. er fjalla um hlutverk réttargæslumanns og verjanda, og ber hér að benda á ójafnvægið sem finnst í orðalagi 1. mgr. 35. gr., og svo 1. mgr. 45. gr. sml. Segir um hlutverk verjanda gagnvart skjólstæðingi sínum að hann skuli: „... gæta réttar hans í hvívetna.“, en í 1. mgr. 45. gr. um sömu skyldur réttargæslumanns að hann skuli „... veita honum aðstoð í málinu, þar á meðal við að setja fram einkaréttarkröfur“. Gæta réttar í hvívetna, veita aðstoð. Ójafnvægi. Hví hefur brotþoli ekki rétt til þess að hans réttar sé gætt í hvívetna? Hvívetna er sterkt orð.

¹⁴ Hrd. 10. febrúar 2014 í máli nr. 74/2014.

Í 2. málsl. 2. gr. 36. gr. sml. segir að: „*Verjanda er og heimilt að vera viðstaddur skýrslutöku af öðrum sakborningum og vitnum í máli skjólstæðings síns ef það þykir hættulaust vegna rannsóknar málsins.*“ En í 1. mgr. 46. gr. segir að: „*Meðan á rannsókn stendur er réttargæslumanni ætíð heimilt að vera viðstaddur þegar skýrsla er tekin af skjólstæðingi hans.*“

Þarna má sjá að verjanda eru, eðli máls samkvæmt eftir ákvæðum laga, veittar töluvert rýmri heimildir, og virðist í raun Vera svo að verjanda sé ætlað veigameira hlutverk en réttargæslumanni.

4.4 Brotapoli

Brotapoli er lögum samkvæmt (1. mgr. 39. gr. sml.):

... sá maður sem kveðst hafa orðið fyrir misgerð af völdum afbrots. Enn fremur sá maður sem telur sig hafa orðið fyrir fjárhagslegu tjóni af refsiverðri háttsemi, enda hafi hún beinst að honum sjálfum, eða lögaðili sem sagður er hafa beðið slíkt tjón.

Í athugasemdarhluta frumvarps til laga nr. 88/2008, sem lagt var fyrir á 135. löggjafarþingi, segir um 39. gr. að tímabært hafi verið að skilgreina hugtakið brotapoli, en það hafði ekki verið gert áður í Íslenskum lögum:

... þykir rétt að skilgreina hugtakið „brotapoli“ strax í upphafi þessa kafla. Þetta hugtak er þó ekki alls kostar heppilegt vegna þess að stundum leikur vafi á því hvort sá einstaklingur, sem í hlut á, hafi þolað misgerð af völdum afbrots, t.d. verið beittur kynferðislegri misnotkun. Engu að síður hefur þetta heiti verið notað um þolanda afbrots, án tillits til þess hvort einhver merki séu um brot eða hvort einhver hafi játað verknaðinn á sig. Er lagt til að heitið „brotapoli“ verði notað áfram, en það er hins vegar skilgreint með þeim hætti í 1. mgr. að það er ekki gert að skilyrði fyrir því að maður teljist brotapoli í skilningi laga um meðferð sakamála að ljóst sé að hann hafi þolað misgerð af völdum afbrots.¹⁵

Sama máli gegnir um þann sem telur sig hafa orðið fyrir fjárhagslegu tjóni að völdum annars manns.

4.4.1 Brotapoli er vitni í eigin máli

Hagsmunasamtök auk fleiri aðila hafa síðastliðin ár kallað eftir breytingum á réttarstöðu brotþola í sakamálum, breytingu á þessari stöðu þeirra sem vitnis í eigin máli og telur höfundur það ákall eiga rétt á sér, en þó þurfi að veita og meta kosti þess

¹⁵ Alþt. 2007-2008, A-deild, þskj. 252 – 233. mál.

gaumgæfilega. Stýrihópur á vegum forsætisráðherra fól Dr. Hildi Fjólu Antonsdóttur, réttarfélagsfræðingi það verkefni árið 2019, að skrifa greinargerð með tillögum að heildstæðum úrbótum til að styrkingar á réttarstöðu brotþola¹⁶, og var sú greinargerð höfð til hliðsjónar þegar frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008 var lagt fram á 151. löggjafarþingi 2020-2021. Þrátt fyrir ákall um breytingar og vandaða greinargerð til stuðnings, þá var frumvarpið lagt fram án markverðra breytinga, og án þess að tillit væri tekið til tillagna greinargerðar Dr. Hildar.

Í sameiginlegri yfirlýsingu Stígamóta og fjölmargra hagsmunasamtaka¹⁷, ásamt samhangandi áskorun og afhentum undirskriftarlista til þáverandi dómsmálaráðherra árið 2022, voru skoðanir á þessu viðraðar, og var frumvarpið talið af mörgum vera mikil vonbrigði. Sagði í yfirlýsingunni, sem birt var á vef Stígamóta, um þetta frumvarp sem náði þó á endanum ekki fram að ganga:

Vonbrigðin voru gífurleg þegar þetta grundvallaratriði um málsaðild brotþola rataði ekki inn í frumvarp dómsmálaráðherra, sem lagt var fyrir á síðasta þingi. Ljóst er að ef frumvarpið verði leitt í lög í óbreyttri mynd munu brotþolar halda áfram að standa utan við eigin mál, vanmáttugir og valdalausir (Stígamót, 2022).

Auk þess að taka á móti undirskriftarlistanum var skorað á þáverandi dómsmálaráðherra, Jón Gunnarsson, að nýta það tækifæri sem væri til staðar: „*Hæstvirtur dómsmálaráðherra, við skorum á þig að endurskoða frumvarpið um réttarstöðu brotþola þannig að þolendum verði veitt aðild að eigin kynferðisbrotamálum, ellegar sambærileg réttindi sem sakborningar hafa.*“¹⁸

Ekki er annað að sjá en að þessari áskorun hafi verið mætt með ágætum, eins og verður rakið að neðan, en þó er enn svigrúm til þess að bæta enn betur úr. Sævar Þór Jónsson lögmaður, lýsir sínu mati á þessum breytingum, og með samanburð við nágrannaþjóðirnar að leiðarljósi, í aðsendri grein á vefmiðliðinu Vísi þann 1. október

¹⁶ Hildur Fjóla Antonsdóttir, „Réttlát málsmeðferð með tilliti til þolenda kynferðisbrota: Greinargerð um leiðir til að styrkja réttarstöðu brotþola“ (Forsætisráðuneytið 19. júní 2020) <<https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/FOR/Fylgiskjol-i-frett/Re%CC%81ttarsta%C3%B0a%20brota%C3%BEola%20-%20Greinarger%C3%B0.pdf>> skoðað 25. september 2023.

¹⁷ Stígamót, „Yfirlýsing“ (2022) <<https://askorun.stigamot.is/yfirlýsing/>> skoðað 15. september 2023.

¹⁸ Stígamót, „Yfirlýsing“ (2022) <<https://askorun.stigamot.is/yfirlýsing/>> skoðað 15. september 2023.

2023 sem ber heitið: „*Jóni Steinari svarað*“. Í greininni svarar Sævar gagnrýni Jóns Steinars Gunnlaugssonar lögmanns og fyrrverandi dómara við Hæstarétt á frétt er fjallaði um upplifun brotþola í sakamáli, og kemur Sævar með sterka punkta sem tengjast aðalefni ritgerðar þessarar beinlínis. Um lagabreytinguna sem er fjallað í næsta kafla segir Sævar Þór: „*Lögum um meðferð sakamála var nýlega breytt en sú lagabreyting gekk ekki nógu langt að mínu mati. Við ásamt Dönnum stöndum hinum Norðurlandabjóðunum ennþá töluvert að baki í þessum efnum.*“¹⁹

Þarna vísar Sævar til þeirrar kröfu sem uppi er um að brotþoli hljóti fulla aðild máls. Hafa ber í huga að með slíku fæst ekki einungis það sem styrkir brotþola í málarekstri sínum, heldur setur slíkt einnig kvaðir á hann sem getur torveldað sókn máls. Sem aðili máls, sömu megin borðsins og ákærvaldið, myndi brotþoli að líkindum lúta lögmálum sannleiksreglunnar sem er ein af meginreglum sakamálaréttarfars og segir til að mynda í 3. mgr. 18. gr. og 2. gr. 53. gr. sml að: Ákærendur og þeir sem rannsaka sakamál: „... skulu vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar.“ Þar með er brotþola og réttargæslumanni hans gert að leggja jafna áherslu á þá hluti sem geta leitt til sýknu og fylgja þeirri hlutlægnisskyldu sem lögð er á lögreglu og ákærvald með lögum. Sem vitni, eru brotþoli og réttargæslumaður hans, ekki undir lögmál sannleiksreglunnar komnir er varðar þeirra aðkomu.

4.4.2 Styrking á réttarstöðu brotþola

Lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála var breytt á sumarmánuðum 2022 og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu, er snýr að mínu umfjöllunarefni, brotþola og réttargæslumanni, að með breytingartillögum sé:

... leitast við að bæta réttarstöðu brotþola við meðferð sakamála hjá lögreglu og fyrir dómstólum. Í því sambandi er t.a.m. lagt til að aðgangur réttargæslumanns að gögnum á rannsóknarstigi verði í grundvallaratriðum sá sami og aðgangur verjanda, að brotþola verði heimilt að vera viðstaddur lokað þinghald eftir að hann hefur gefið skýrslu, að réttargæslumanni verði milliliðalaust heimilað að beina spurningum til skýrslugjafa fyrir dómi, að brotþola verði í ríkara mæli skipaður réttargæslumaður við meðferð áfrýjaðra

¹⁹ Sævar Þór Jónsson, „*Jóni Steinari Svarað*“ (*Skoðun*, 1. október 2023)
<<https://www.visir.is/g/20232469365d/joni-steinari-svarad>> skoðað 1. október 2023.

mála og að unnt verði við meðferð máls á áfrýjunarstigi að krefjast ómerkingar á þeim þætti áfrýjaðs dóms sem lýtur að frávísun bótakröfu brotþola þegar ákærði hefur verið sýknaður og bótakröfu af þeim sökum vísað frá dómi.²⁰

Því verður ekki neitað að lagabreytingin bar þarfar og góðar breytingar í för með sér, og innihélt breytingar sem taldar voru af einhverjum, að væru jafnvel ekki mögulegar nema með því að ganga alla leið og veita brotþola fulla aðild að máli. Stígamót settu fram upptalningu á því hvaða réttindi brotþoli og réttargæslumaður hans hlytu meðal annars við fulla aðild máls, en á umfjölluninni sem hér að neðan kemur má sjá að löggjafanum tókst að veita brotþolum þessi réttindi, án þess að veita fulla aðild máls. Kröfur Stígamóta byggðu á því að með aðild máls myndi brotþoli öðlast rétt til að:

Fá sama aðgang að gögnum á rannsóknarstigi og sakborningar, sitja inni í dómshal, spyrja vitni og sakborning spurninga fyrir dómi, taka til máls þegar haldnar eru lokaræður á dómstigi, leggja fram viðbótarsönnunargögn fyrir dómi, áfrýja málinu.²¹

4.4.2.1 Samanburður á kröfum Stígamóta og breytingum með lögum nr. 61/2022

Lög um breytingu á lögum um meðferð sakamála nr. 61/2022 sem sett voru 28. júní 2022 tóku á nánast öllu því sem Stígamót kölluðu eftir í áskorun sinni til dómismálaráðherra. Verður hér farið yfir atriðin í sömu röð og þau komu fyrir í kröfunni.

Fá sama aðgang að gögnum á rannsóknarstigi og sakborningar: Fyrir breytingu laganna þá hljóðaði 1. mgr. 47. gr. á þann veg að á meðan að á rannsókn máls stæði, þá hefði: „... réttargæslumaður einungis [áherslauki minn] rétt á að fá aðgang að þeim gögnum sem varða þátt skjólstæðings hans í málinu [áherslauki minn] og honum eru nauðsynleg til að gæta hagsmuna skjólstæðingsins.“ Eftir breytingu er þessi 1. mgr. 47. gr. mikið opnari fyrir réttargæslumann og segir nú að: „Réttargæslumaður skal jafnskjótt og unnt er fá afrit af öllum skjölum [áherslauki minn] máls sem varða skjólstæðing hans, svo og aðstöðu til að kynna sér önnur gögn í málinu [áherslauki minn].“

²⁰ Alþt. 2021-2022, A-deild, þskj. 741 – 518. mál.

²¹ Stígamót, „Þolendur kynbundins ofbeldis eru meira en vettvangur glæps!“ (2022) <<https://askorun.stigamot.is/>> Skoðað 15. september 2023.

Sitja inni í dómsal: Með breytingu var nýrri málsgrein bætt aftan við 2. mgr.

10. gr. og tiltekur hún að:

Brotapola og fyrirsvarsmanni hans er ávallt heimilt að vera viðstaddur lokað þinghald, eða fylgjast með lokuðu þinghaldi í gegnum fjarfundarbúnað í dómhúsi þar sem því verður komið við, eftir að hann hefur gefið skýrslu nema dómari telji sérstakar ástæður mæla gegn því.

Við þetta var einnig bætt að ákvörðun dómara um að „... *synja brotapolu eða fyrirsvarsmanni hans um að vera viðstaddur eða fylgjast með lokuðu þinghaldi eftir að brotapolu hefur gefið skýrslu ...*“ sætir kæru til Landsréttar, samanber viðbót í b-lið 1. mgr. 192. gr., það á þó ekki við sé aðalmeðferð þegar hafin.

Spyrja vitni og sakborning spurninga fyrir dómi: Fyrir breytingu laganna þá hljóðaði 4. mgr. 36. gr. svona: „*Réttargæslumanni er einungis heimilt að tjá sig munnlega fyrir dómi um einkaréttarkröfur skjólstaðings síns [áherslauki minn] ...*“ Eftir breytingu eru þessar hömlur er varða að einungis megi spyrja um það sem snýr að einkaréttarlegum kröfum, horfnar á braut. Nú segir í 4. mgr. 36. gr.: „*Réttargæslumanni er heimilt að leggja stuttar og gagnorðar spurningar fyrir þá sem gefa skýrslu fyrir dómi um atriði sem varða annað en einkaréttarkröfur skjólstaðings [áherslauki minn] ...*“

Taka til máls þegar haldnar eru lokaræður á dómstigi: Með lagabreytingunni bættist eftirfarandi setning við í 3. málsl. 3. mgr. 166. gr.: „*Í kjölfarið er brotapolu, án tillits til þess hvort ákærði hefur kosið að tjá sig samkvæmt framansögðu, einnig heimilt að taka stuttlega til máls.*“

Leggja fram viðbótarsönnunargögn fyrir dómi: Með lagabreytingunni bættist eftirfarandi setning við 1. mgr. 134. gr.: „*Brotapola er og heimilt að leggja fram þau skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn sem hann hefur undir höndum.*“

Af því sem fram kemur hér að ofan, þá stóð löggjafinn sinn nokkuð vel við þessa tilteknu lagabreytingu, og sýndi að mörgu mætti ná fram, án þess að til svo róttækra aðgerða kæmi, líkt og að veita brotapolu fulla aðild máls. Einn hlutur í upptalningu Stígamóta stendur þó út af borðinu, og það er réttur brotapolu til að taka ákvörðun um áfrýjun. Rök fyrir því að slíkt hafi ekki fengið fram að ganga má finna í kafla 2.1.3. í greinagerð frumvarpsins um breytingu á sml., sem segir að með ákvörðun um að veita brotapolu ákvörðunarrétt um svo veigamikinn þátt í framvindu sakamáls,

líkt og áfrýjun myndi flokkast sem, þá yrði í raun „... vikið frá því grundvallaratriði íslensks réttar að ríkisvaldið hafi forræði yfir og beri ábyrgð á rekstri sakamála og axli þær skyldur sem því fylgja.“²²

4.4.2.2 Betur má ef duga skal

Í tillögu til þingsályktunar sem lögð var fram á 153. löggjafarþingi 2022-2023, um aðgerðir gegn kynferðisbrotum og aukinn stuðning við þolendur þeirra var dómsmálaráðherra, enn á ný beðinn að yfirfara þessi mál. Meðal þeirra þátta sem tillagan innihélt var að:

Aðkoma þolenda kynferðisbrota að málarekstri verði aukin enn frekar, svo sem með því að lögfesta ákvæði um aðild þeirra að málum og möguleika þeirra á að koma að upplýsingum og sönnunargögnum, auk þess sem hlutverk réttargæslumanna verði útvíkkað í sama tilgangi.²³

Tilgangur tillögurnar er að sögn þeirra sem hana flytja, að leggja til „... viðamiklar og metnaðarfullar aðgerðir sem geta orðið skref í að styrkja meðferð kynferðisbrota í réttarkerfinu og vinna þannig gegn kynferðisbrotum og efla stuðning við þolendur þeirra.“ Innihald tillögunnar gefur fullt tilefni til að áætla að enn sé svigrúm til frekari aðgerða og bóta og vekur það athygli höfundar að hún sé lögð fram, svo stuttu eftir lagabreytingar sem svo sannarlega voru til mikils gagns.

Hvað varðar réttarstöðu brotþola, segir í tillögunni, að eitt af því sem þurfi að gera sé að setja lög sem veiti brotþolum fulla aðild máls, í sakamáli: „Í því felst m.a. að setja lög um aðild þolenda að eigin málum þannig að þolendur hafi þau auknu réttindi sem aðilar máls hafa ...“. Er tiltekið í tillögunni að ákveðin skref hafi svo sannarlega verið tekið með breytingarlögum nr. 61/2022, en þó alls ekki nógu mörg, eða nægilega stór. Flutningsmenn tillögunnar telja einnig að nauðsynlegt sé að auka tímafjölda sem réttargæslumenn geti krafist þóknunar fyrir og: „... efla stuðning réttargæslumanna ... t.d. með því að auka tímafjölda sem réttargæslumenn fá endurgreidda vegna þjónustu við brotþola og með því að auka aðkomu réttargæslumanna að meðferð dómsmála á öllum stigum.“ Mannréttindaskrifstofa Íslands skilaði jákvæðri umsögn um tillöguna og bendir sérstaklega á greinargerð Dr.

²² Alþt. 2021-2022, A-deild, þskj. 741 – 518. mál.

²³ Þingskjal nr. 39/2022–2023. Tillaga til þingsályktunar.

Hildar Fjólu. Alls hlaut tillagan 36 umsagnarbeiðnir, en virðist því miður ekki hafa komist lengra en í gegnum fyrri umræðu á þingi. Málinu var vísað til allsherjar- og menntamálanefndar þann 23. febrúar 2023 og liggur það þar enn, óafgreitt.

4.4.3 *Upplifun brotþola af því að vera ekki aðili máls*

Í áðurnefndri greinargerð sem Dr. Hildur Fjóla Antonsdóttir skrifaði um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðislegt ofbeldi og leiðir til að styrkja réttarstöðu brotþola, er vísað í rannsókn sem hún sjálf framkvæmdi á árinu 2018. Rannsóknin kannaði afstöðu og upplifun 35 kvenna og voru þær flestar sammála um að það væri „óeðlilegt og fráleitt (e. *absurd or surreal*)“²⁴ að veita þeim réttarstöðu vitnis og að brotþolum væri með þeim hætti haldið frá sínu eigin máli. Má sjá í endurritun á frásögnum þeirra setningar eins að fyrst sé það geðræn aftenging (e. *disassociation*) sem á sér stað í kjölfar árásar, svo í kjölfarið aftengi kerfið brotþola við eigið mál og að brotþoli upplifi líkama sinn sem glæpavettvang.²⁵

Viðmælendur Dr. Hildar nefna líka þann mikla kvíða sem fylgir því þegar að misferst að halda brotþola upplýstum. Viðmælendur gagnrýndu að fá ekki að hitta saksóknara, að fá ekki að taka til máls við lok réttarhalda og þá staðreynd að réttindastaða sakbornings skuli að mörgu leyti vera sterkari en brotþola. Brotþolar sem deila reynslusögum sínum á vefsvæði áskorunar Stígamóta²⁶ taka í sama streng. Skáletrun í tilvitnunum að neðan er minn áhersluauki.

Árið 2014 kærði ég mann fyrir ítrekuð kynferðisbrot. Eftir skýrslutökuna gerðist lítið og þögnin var þrúgandi. Hálfu ári seinna var gerandinn boðaður í skýrslutöku, en ég kveið því mest og var hrædd um viðbrögð hans. *Mér þótti mikilvægt að vita hvenær hann yrði boðaður í skýrslutöku* (Linda Björg, 2022).

Ég kærði barnsföður minn og eiginkonu hans fyrir ofbeldi gegn mér árið 2016. Eftir að ég lagði fram kæru til lögreglu *missi ég röddina*, á mig var ekki hlustað og um leið og saksóknari tók málið í sínar hendur upplifði ég að *réttur minn*

²⁴ Hildur Fjóla Antonsdóttir, „A Witness in My Own Case: Victim–Survivors Views on the Criminal Justice Process in Iceland” (2018) 26 *Feminist Legal Studies* 307, 318 <<https://doi.org/gfsr3m>> skoðað 25. september 2023.

²⁵ Hildur Fjóla Antonsdóttir, „A Witness in My Own Case: Victim–Survivors Views on the Criminal Justice Process in Iceland” (2018) 26 *Feminist Legal Studies* 307, 319 <<https://doi.org/gfsr3m>> skoðað 25. september 2023.

²⁶ Stígamót, „Þolendur kynbundins ofbeldis eru meira en vettvangur glæps!” (2022) <<https://askorun.stigamot.is/>> Skoðað 15. september 2023.

væri hrifsaður af mér, ég varð utangátta. Ég var útilokuð af saksóknara (Þórdís, 2022).

Ég var 15 ára þegar ókunnugur maður nauðgaði mér. Ég var bara barn en enginn hjálpaði mér að skilja hvað hafði gerst eða hjálpaði mér með áfallið. Enginn útskýrði kærufarlið fyrir mér eða spurði mig álits á neinu. Ég var bara aukahlutur og enginn með mér í liði (Hafdís, 2022).

Hafa ber í hug að þrátt fyrir að hér sé um að ræða frásagnir af persónulegri upplifun brotaþola, þá tengist það efni verkefnisins á beinan hátt, því með auknum heimildum brotaþola, kæmu auknar heimildir réttargæslumanns.

4.4.3.1 Dómur Héraðsdóms Reykjaness 18. ágúst 2023 nr. S-397/2023

Nýverið þá fjallaði Ríkisútvarpið um dóm í máli brotaþola sem hafði kært fyrrverandi sambýlismann sinn fyrir brot í nánu sambandi og byggði kæran á því hinn ákærði hefði gerst brotlegur við 2. mgr. 218. gr. b. hgl.: „... með því að hafa ítrekað, endurtekið og á alvarlegan og sérstaklega sársaukafullan og meiðandi hátt [skilyrði í 2. mgr. 218. gr. b.] ógnað lífi hennar, heilsu og velferð með líkamlegu, andlegu og fjárhagslegu ofbeldi og með því að hóta henni líkamsmeiðingum ...“²⁷ auk þess til vara brotum á 217.gr., 233.gr. og 228. gr. hgl.

Málið byggði á framkomu og athöfnum sem í fólust margskonar birtingarmyndir ofbeldis, andlegs og líkamlegs og þótti það liggja ljóst fyrir, af gögnum máls, sem og af skýlausri játningu hins ákærða. Geðlæknir sem kom að sem dómkvaddur matsmaður gaf skýrslu sem ákvarðaði: „... að ákærði hafi frá ársbyrjun 2018 haft nánast stöðug einkenni um geðveiki sem gerðu hann alls ófæran um að hafa stjórn á því ofbeldi sem hann er ákærður fyrir á ákærutímabilinu.“²⁸ Þrátt fyrir að í niðurlagi dómsins segi: „Ákærði hefur verið fundinn sekur um stórfelld brot í nánu sambandi gagnvart fyrrum sambýliskonu sinni og brotaþola í málinu ...“²⁹, þá var að sama skapi, sökum skýrslu geðlæknisins, „... niðurstaða dómsins að hvorki beri að gera ákærða refsingu í málinu né heldur að kveða á um sérstakar ráðstafanir

²⁷ Hérð. Reykn. 18. ágúst 2023 í máli nr. S-397/2023.

²⁸ Hérð. Reykn. 18. ágúst 2023 í máli nr. S-397/2023.

²⁹ Hérð. Reykn. 18. ágúst 2023 í máli nr. S-397/2023.

samkvæmt 62. gr. laganna. ³⁰ Segir í dómsúrskurði að ákærða skuli með ofangreint til hliðsjónar, ekki gerð refsing. Dóminum verður ekki áfrýjað.

Hér telur höfundur mikilvægt að taka fram að hann er ekki að véfengja niðurstöðu dómsins þar sem 15. gr. hgl. er að sjálfsögðu mikilvægur varnagli, en hér verða hinsvegar gerðar athugasemdir sem komu fram í frétttaflutningi og viðtali við brotþola, um þau mál er tengjast efni ritgerðar beint. Brotþoli telur að hagsmunir hins ákærða hafi vegið hærra en hagsmunir brotþola, og skýtur það skökku við. Brotþoli tekur einnig fram að hafa fyrst frétt af föllnum dómi, eftir að hann hafði verið birtur á vef dómstóla og að stórlega þurfi að bæta tillit og upplýsingagjöf til brotþola í dómskerfinu.

Brotþoli telur ákvörðun um að hinum ákærða, sem svo sannarlega var dæmdur sekur, verði ekki gerð refsing tæplega standast skoðun á þeim grunni sem sú ákvörðun er sett fram, að ákærði hafi verið ófær um að hafa stjórn á gjörðum sínum og spyr: „*En hversu veikur getur þú verið þegar þú getur verið í vinnu, og ert innan um annað fólk og þú ert bara eðlilegur, en síðan þegar þú kemur heim þá er ég bara boxpúðinn þinn.*“³¹ Fullyrðir brotþoli í framhaldi að ákærði viti með vissu hvað hann sé að gera. Með þessu mati geðlæknisins telur brotþoli að ákærða hafi verið gerð ákveðin réttlætning á því ofbeldi sem hann beitti.

Eftir að ákvörðun um að áfrýja ekki dóminum lá fyrir segist brotþoli hreinlega hafa brotnað saman og að þetta sé bara eitthvað sem hún verði að sætta sig við, þar sem stjórnin á því hvort dómi skuli áfrýjað eður ei liggur ekki hjá brotþola og réttargæslumanni hans, heldur einungis hjá aðilum máls. Endar viðtalið á ádeilu á núverandi fyrirkomulag:

Það er fjallað um í úrskurðinum að það sé ekki gott fyrir hann að fá refsingu, það er meira fjallað um hagsmuni hans heldur en mína eða mömmu minnar [hlutur móður í málinu ekki hafður með í umfjöllun höfundar]. Hvað með okkur? Við þurfum að ganga um í sama bæjarfélagi og hann. Ég þarf að ganga um með öryggishnapp á mér, ef hann skyldi ráðast á mig. Ég þarf alltaf að vera

³⁰ Hérð. Reykn. 18. ágúst 2023 í máli nr. S-397/2023.

³¹ Alma Ómarsdóttir, „Finnst að hagsmunir ofbeldismannsins hafi verið settir ofar hagsmunum brotþola“ *Ríkisútvarpið* (Reykjavík 24. september 2023). <<https://nyr.ruv.is/frettir/innlent/2023-09-24-finnst-ad-hagsmunir-ofbeldismannsins-hafi-verid-settir-ofar-hagsmunum-brotathola-392380>> skoðað 24. september 2023.

að líta yfir öxlina á mér. Hvernig líf er þetta? Hagsmunir gerenda megji ekki vega meira en hagsmunir þolenda. Ég veit að það eru til veikir einstaklingar, en það eru líka manneskjurnar sem þurfa að dila við afleiðingarnar á ofbeldinu, sem þurfa að lifa með þessu og það er ekkert verið að pæla í því, ekki neitt.³²

Niðurstaða þessa tiltekna dóms og fréttáflutningur var kveikjan að skoðanaskiptum sem fram fóru á milli Sævars Þórs Jónssonar og Jóns Steinars Gunnlaugssonar í aðsendum greinum á Vísi. Jón Steinar ritaði pistil á vefsvæði sitt, www.jsg.is, þar sem hann gagnrýndi umfjöllun Ríkisútvarpsins og sagði hana einhliða út frá upplifun og sjónarhóli brotaþola.³³ Þessum skrifum svaraði Sævar Þór á Vísi 29. september 2023 í grein sem bar heitið: „*Jón Steinar tekur upp hanskan*“ og átelur þar þá staðreynd að brotaþoli njóti ekki sömu stöðu í réttarkerfinu og sakborningar sökum skorts á aðild og skrifar svo málsgrein sem er í algjöru samræmi við það sem höfundar ritgerðarinnar hefur fjallað um í köflum að ofan, og snýr það að upplifun brotaþola:

Upplifun brotaþola er oft sú að þeir hafi lítið vægi og enn minni áhrif á meðferð sakamála – máls sem snýst um atvik í lífi brotaþolans sjálfs og sem hefur, einkum í tilviki ofbeldis- og kynferðisbrota, haft áhrif á líf hans með afgerandi hætti. Þolandinn er vanmáttugur og bjargráðalaus. ... Upplifun brotaþola getur því stundum verið sú að þeir séu afgangsstærð í réttarvörslukerfinu og þeir upplifa hvorki sanngírni né að réttlætið hafi náð fram að ganga.³⁴

Hafa skal til hliðsjónar að dómurinn sem um er fjallað, upplifun brotaþola og athugasemdir Sævars Þórs, sem er reyndur réttargæslumaður, er allt til umfjöllunar og kemur til framkvæmda eftir að breytingar á lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála gengu í gegn. Því má sjá að enn er tilefni til að ganga lengra.

4.5 Aðilar sakamáls

Þeir sem í lagalegum skilningi eru aðilar að sakamáli eru ákærvaldið og hinn ákærði. Sú tilhögun að veita brotaþola ekki stöðu sem aðila máls hefur sætt gagnrýni og sú staða og mögulegar lausnir verða rýndar í köflunum sem hér fylgja.

³² Alma Ómarsdóttir, „Finnst að hagsmunir ofbeldismannsins hafi verið settir ofar hagsmunum brotaþola“ *Ríkisútvarpið* (Reykjavík 24. september 2023). <<https://nyr.ruv.is/frettir/innlent/2023-09-24-finnst-ad-hagsmunir-ofbeldismannsins-hafi-verid-settir-ofar-hagsmunum-brotathola-392380>> skoðað 19. okt. 2023.

³³ Jón Steinar Gunnlaugsson, „Afbökuð frétt hjá RÚV“ (*JSG lögmenn*, 25. september 2023) <<https://www.jsg.is/post/afb%C3%B6ku%C3%B0-fr%C3%A9tt-hj%C3%A1-r%C3%BAv>> skoðað 29. september.

³⁴ Sævar Þór Jónsson, „Jón Steinar tekur upp hanskan“ (*Skoðun*, 29. september 2023) <<https://www.visir.is/g/20232468619d/jon-steinar-tekur-upp-hanskann>> skoðað 29. september 2023.

4.5.1 Sakborningur

Sakborningur er lögum samkvæmt (1. mgr. 27. gr. sml.) „... sá maður sem borinn er sökum eða grunaður um refsiverða háttsemi. Enn fremur sá lögaðili sem er sakaður eða grunaður um að bera ábyrgð á slíkri háttsemi.“

Líkt og með skilgreiningarkröfu hugtaks brotaþola, þá segir einnig í athugasemdarhluta frumvarps til laga nr. 88/2008, um 27. gr., að tímabært sé að skilgreina hugtakið sakborningur, sem hafði ekki verið gert áður í íslenskum lögum, og að hér sé um að ræða:

... eitt af grundvallarhugtökum laga um meðferð sakamála, í lögnum sjálfum. Samkvæmt íslenskum rétti hefur ekki verið gerður greinarmunur á grunuðum manni annars vegar og sökuðum manni hins vegar, eins og t.d. hefur verið gert í danskri lagaframkvæmd. Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að þessi skipan haldist óbreytt hér á landi. Þar af leiðandi verður maður ekki sakborningur við neina formlega athöfn, þótt það liggja ljóst fyrir, svo að dæmi sé tekið, að *um leið og maður er handtekinn í þágu rannsóknar skoðast hann sakborningur í skilningi laganna* [áherslu bætt við].³⁵

Taka skal fram að sakborningur er þar til rannsókn er lokið, og dómur fallinn, talinn saklaus samkvæmt ákvæðum stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 en þar segir í 2. mgr. 70. gr. að: „*Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.*“ Þetta ákvæði stjskr. er samhljóma ákvæði 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu³⁶, sem hefur lagagildi á Íslandi samkvæmt lögum nr. 62/1994 um mse. Björg Thorarensen vekur athygli á því að þrátt fyrir að inntak 2. mgr. 70. gr. stjskr., og samhljóma birting í 2. mgr. 6. gr. mse., hafi í raun og veru til lengri tíma verið ein af meginreglum sakamálaréttarfars á Íslandi, að þá hafi lög um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 eða í síðari tíð sml. ekki innihaldið greinar sem tiltaka meginregluna sérstaklega, þó að ákvæði sé þar að finna sem inniheldur mæltu skyldu og ábyrgð ákærvaldsins um sönnunarbyrði, nánar til tekið 108. gr. sml.³⁷

³⁵ Alþt. 2007-2008, A-deild, þskj. 252 – 233. mál.

³⁶ Hér eftir mse.

³⁷ Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*. (2. útgáfa, Bókaútgáfan Codex 2019) 238.

Hér er um að ræða efni sem skiptar skoðanir eru á, sér í lagi eins og umræðan í Þjóðfélaginu er í dag, og tekur höfundur fram að hér er einungis um að ræða skilgreiningar og hugmyndafræði sem er lagabókstafnum samkvæmt.

4.5.1.1 *In dubio pro reo*

Um hið sterka ákvæði stjkskr. og 6. gr. mse. er ritað í grein eftir Dr. Davíð Þór Björgvinsson, fyrrverandi dómara við Mannréttindadómstól Evrópu og varaforseta Landsréttar þar sem hann skýrir að inntak þessarar reglu má rekja allt aftur til Rómarréttar. Dr. Davíð fer yfir það að reglan sem á latínu heitir „*in dubio pro reo*“, eða á ensku „*doubt must benefit the accused*“, sé almennt talinn hornsteinn hugmyndarinnar um réttarríki og að þetta sé sterkt hugtak sem nýtt er við ákvarðanir Mannréttindadómstóls Evrópu.³⁸

Nauðsynlegt er þó að skilja að reglan segir í raun ekkert til um það hvort sakborningur hafi gerst brotlegur eins og honum er gefið að sök, heldur verður frekar að líta á þessa reglu sem áskorun á rannsakendur og ákærvald að haga málum þannig að vafi sé hreinlega ekki til staðar. Í 108. gr. sml. er þessi áskorun lögfest, að: „*Sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, hvílir á ákærvaldinu.*“

4.5.2 *Ákærvaldið*

Um ákærvaldið er fjallað í III. kafla sml. og segir í 1. mgr. 18. gr.: „*Ákærendur eru ríkissaksóknari, héraðssaksóknari og lögreglustjórar. Að auki, í umboði þeirra, vararíkissaksóknari, varahéraðssaksóknari, saksóknarar, aðstoðarsaksóknarar og saksóknarfulltrúar, svo og löglærðir aðstoðarlögreglustjórar.*“

Lagagreinin raðar ákærendum í röð, æðsti handhafi fremst og svo koll af kolli. Ríkissaksóknari getur í krafti stöðu sinnar, þrátt fyrir ákvæði laga um að rannsókn sakamála skuli vera á forræði lögreglu, fyrirskipað öðrum ákærendum um rannsókn, sem og framkvæmd rannsókna. Lögreglu er þannig skylt að fylgja fyrirmælum

³⁸ Dr. Davíð Þór Björgvinsson, „Saklaus uns sekt er sönnuð“ (Dr. Davíð Þór Björgvinsson prófessor, 12. janúar 2022) <<https://uni.hi.is/davidth/2022/01/12/saklaus-uns-sekt-er-sonnud/>> skoðað 17. september 2023.

ríkissaksóknara, þrátt fyrir meginregluna um að rannsókn sakamála sé í höndum lögreglu eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. 52. gr. sml.

Héraðssaksóknari getur einnig gefið fyrirmæli um rannsókn máls, svo fremur að það fari ekki gegn fyrirmælum ríkissaksóknara. Ríkissaksóknari sem handhafi ákærvalds getur þó ekki tekið rannsókn sakamáls að sér, nema í því eina tilfelli ef um er að ræða: „... rannsókn máls vegna kærú á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans.“³⁹

4.5.3 Afhverju ekki brotþoli?

Samkvæmt 1. málsl. 6. mgr. 39. gr. sml. þá er brotþoli ekki aðili að sakamáli, en hlýtur hvern þann rétt sem lögin mæla fyrir um. Réttargæslumenn og brotþolar hafa einhverjir gert athugasemdir við þetta í áranna rás að brotþoli sé ekki aðili máls, heldur í raun eins og þegar um er að ræða brot er varða XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að þá er brotþoli lítið annað en vettvangur glæps í lagalegum skilningi.

„*Polendur kynbundins ofbeldis eru meira en vettvangur glæps!*“⁴⁰ var yfirskrift áðurnefnds átaks, og undirskriftarsöfnunar sem Stígamót stóðu fyrir og afhentu þáverandi dómismálaráðherra yfir 12.000 undirskriftir á alþjóðlegum baráttudegi kvenna þann 8. mars árið 2022. Krafan var skýr:

... að brotþolar fái aðild að málum sínum í réttarkerfinu sem myndi veita þeim jöfn réttindi á við sakborning. Staðan í dag er að gerandi ofbeldisins hefur mun meiri réttindi í réttarkerfinu sem viðheldur þeim valdamismun sem er á milli geranda og þolanda.⁴¹

Eins og áður hefur komið fram þá mætti löggjafinn þessum kröfum að miklu leyti með lagabreytingunni sem er fjallað um ofar í ritgerðinni. Höfundur þykir það þó að vissu leyti enn sæta furðu að almennt þyki eðlilegt að þeir sem brotið er á, séu í framhaldi lítið annað en áhorfendur, að stjórn þeirra sé tekin og að aðrir hafi ákvörðunarvald um líf og heilsu þeirra. Það þarf þó, í þessu eins og öðru, að horfa á málið frá öllum

³⁹ Eiríkur Tómasson. *Sakamálaréttarfar – Rannsókn Þvingunarráðstafanir* (Bókaútgáfan Codex 2012) 21-22.

⁴⁰ Stígamót, „*Polendur kynbundins ofbeldis eru meira en vettvangur glæps!*“ (2022) <<https://askorun.stigamot.is/>> Skoðað 15. september 2023.

⁴¹ Stígamót, „*Polendur kynbundins ofbeldis eru meira en vettvangur glæps!*“ (2022) <<https://askorun.stigamot.is/>> Skoðað 15. september 2023.

sjónarhornum, því auknum réttindum fylgja oftár en ekki auknar skyldur og aukin ábyrgð líka, eins og fram hefur komið. Höfundur skilur að vissu leyti mótrök gegn því að gera brotþola að aðila máls, en þó bara upp að vissu marki. Svigrúm sé til staðar, að skoðað sé af alvöru hvort einhver frekari millivegur sé mögulegur.

5 Þóknun réttargæslumanna

Í 48. gr. sml. er mælt fyrir um þóknun til handa réttargæslumanni og segir í 1. mgr. að ákvörðun um þóknun sé ákveðin með dómi eða úrskurði, ljúki málinu svo, eða með öðrum hætti ef máli lýkur ekki með dómi. Þóknun réttargæslumanns telst til sakarkostnaðar samkvæmt 233. gr. sml., og er sá kostnaður greiddur af hendi ákærða, eða af hendi ríkissjóðs, eftir því sem við á. Um ábyrgð á sakarkostnaði er kveðið á um í: „... dómi, viðurlagaákvörðun eða úrskurði ...“ samkvæmt 234. gr. og með 235. gr. til hliðsjónar má ætla að meginreglan sé sú að ef ákærði er sakfelldur, þá beri hann sakarkostnað, en sé hann sýknaður, þá falli sakarkostnaður á ríkissjóð, eðli málsins samkvæmt.

Tímataxti réttargæslumanna er ákvarðaður af Dómstólasýslunni, sem gefur taxtann út með leiðbeinandi reglum um málsvarnarlaun eða þóknun til verjenda og þóknun til réttargæslumanna o.fl., nýjasta útgáfa nr. 1/2022. 5. gr. téðra reglna tiltekur að: „Þóknun skal greidd samkvæmt réttmætri, sundurliðaðri og tímasettri skýrslu um starf réttargæslumanns og skal tímagjaldið vera 22.500 krónur ...“ og veitir greinin dómara einnig heimild til að krefjast nánari skýringa ef hann telur þörf á því.

5.1 Endurskoðun dómara á tímaskýrslum

Um endurskoðun á tímaskýrslum og ákvörðun dómara um niðurskurð þeirra hafa réttargæslumenn, og verjendur til jafns, verið ósáttir við, þar sem margir telja að of oft sé út tekinn hluti af þóknun fyrir vinnu sem sannarlega var innt af hendi. Réttargæslumenn hafa ekki tækifæri til að gera athugasemdir að undangengnum dómi eða úrskurði. Ása Ólafsdóttir vakti máls á þessu í grein í Lögmannablaðinu árið 2007:

Reynsla þeirra lögmanna sem sinna réttargæslu er sú að hjá lögreglu og fyrir dómi eru réttmætar og sundurliðaðar tímaskýrslur þeirra oft endurskoðaðar til lækkunar án nokkurs rökstuðnings. Það er því löngu tímabært að lögjafinn

ákvarði nánar og með skýrari hætti hvert hlutverk réttargæslumanna á að vera við meðferð opinbers máls.⁴²

Þetta hefur enn þann dag í dag ekki verið skýrt með nægilega afgerandi hætti í lögum, né heldur úr því skorið hvar verkmörk réttargæslumanna raunverulega liggja.

5.1.1 Álit nefndar um dómastörf 18. janúar 2018 í máli nr. 5/2017

Lögmaður sem sinnti starfi réttargæslumanns í máli fyrir dómstólum árið 2017 sendi sjálfstæðri nefnd um dómastörf, sem er starfrækt samkvæmt 9. og 10. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla, kvörtun vegna mikils niðurskurðar á þóknun, án skýringa eða rökstuðnings.

Umkvörtunarefnið er rakið, og kemur þar fram, að við dóm í tilteknu máli þá ákvarðaði dómari, með tímaskýrslu til hliðsjónar, að hæfileg þóknun réttargæslumanns væri 529.000 kr., þrátt fyrir að tímaskýrsla sem send var dómara hafi verið að upphæð 1.124.990 og innihélt hún lýsingu á vinnu sem réttargæslumaður innti af hendi á rannsóknar- og dómstigi málsins. Taldi lögmaðurinn að þetta hlytu að vera mistök af hálfu dómans, þar sem ákvörðunin var ekki í samræmi við tilkynningar dómstólaráðs nr. 3/2017 og nr. 1/2015, sem lögmaðurinn hafði byggt framlagða tímaskýrslu á. Skýrði lögmaðurinn frá því að hafa ítrekað reynt að ná sambandi við dómara, og svar barst loks tæpum tveimur mánuðum síðar, þar sem dómari tilkynnti að um hafi verið að ræða meðvitaða ákvörðun sem yrði ekki haggð.

Lögmaðurinn rakti einnig þá staðreynd að samkvæmt álit nefndarinnar frá árinu 2016 að: „... ákvörðun um þóknun væri dómsathöfn og yrði því aðeins endurskoðuð með málskoti til æðra dóms ...“.⁴³ Benti lögmaðurinn á að kærheimild til endurskoðunar á ákvörðun héraðsdómara væri ekki að finna í ákvæðum sml., að brotþoli væri ekki aðili máls og hefði því enga aðkomu að ákvörðun um áfrýjum, sem af sér leiði að réttargæslumaður hafi ekki kost á að skjóta ákvörðun um þóknun sína til æðra dómstigs. Veltir lögmaðurinn því upp hvort skuli yfirhöfuð líta á ákvörðun um þóknun réttargæslumanns sem dómsathöfn, þar sem hún fáist ekki endurskoðuð af æðra dómstigi.

⁴² Ása Ólafsdóttir, „Hlutverk réttargæslumanna“ (2007) 13 Lögmannablaðið 26.

⁴³ Álit nefndar um dómastörf 18. janúar 2018 í máli nr. 5/2017.

Taldi lögmaðurinn þá staðreynd að þóknun hafi verið skorin til helminga, og að ósk um skýringu hafi verið hafnað, hafi falið í sér klárt og gróft brot gegn sér. Dómarinn hafnaði orðum lögmannsins og sagðist hafa tekið ákvörðun með tímaskýrslu og viðmiðunarreglur dómstólaráðs til hliðsjónar, og að hafa:

... litið til þess hvað teldist raunhæf krafa réttargæslumanns miðað við eðli og umfang málsins svo og hlutverk réttargæslumanns. Að teknu tilliti til þessara atriða hafi hún talið kröfu álitsskiðanda úr hófi. Við það mat hafi [dómari] til samanburðar litið til sambærilegra mála sem [dómari] hafi dæmt eða komið að og kröfugerð í þeim málum.⁴⁴

Taldi dómarinn að gera þyrfti þá kröfu að fari réttargæslumaður þá leið að veita þjónustu sem mætti telja að falli utan þess sem væri í raun og veru lögbundið, þá yrði að krefjast þess að slíkt væri innan eðlilegra marka. Dómarinn tiltekur þó einnig að ekki sé nægilega skýrt hvar þau mörk liggja. Að öllu sem fram kom í máli lögfræðingsins og dómarans, þá benti nefndin á þá staðreynd að málskostnaður væri í raun og veru dómsathöfn og vísaði kvörtuninni frá. Formaður nefndar um dómaraströf í tilteknu máli, var Ása Ólafsdóttir, sem ritaði greinina í Lögmannablaðið sem rakin er í kafla fyrir ofan.

5.2 Er þóknun réttargæslumanna sanngjörn?

Lögmenn eru rétt eins og aðrir, venjulegt fólk sem þurfa að fá greitt fyrir sín störf í samræmi við vinnuna sem þeir inna af hendi. Þrátt fyrir að tímagjald sem réttargæslumenn fá greitt sé á prenti hið ágætasta, þá virðist það í reynd vera svo að réttargæslumenn þurfi að gera ráð fyrir ákveðnum niðurskurði á tímaskýrslum og við það getur tímagjaldið fyrir þá tíma sem svo sannarlega eru unnir í þágu brotþola, hrunið nokkuð hratt. Viðmælendur voru fengnir til að segja sína skoðun og svara: „*Þykir þér tímagjald réttargæslumanna samkvæmt reglum dómstólasýslunnar nr. 1/2022 um þóknun til réttargæslumanna vera hæfilega ákvarðað og til þess fallið að réttargæslumaður geti með góðu móti sett mikinn kraft í starf sitt?*“

Um fjárhæðina sem ákveðnuð er í reglum dómstólasýslunnar segir viðmælandi 1 að í seinni tíð hafi gjaldið þó allavega færst nær því að vera á pari við hefðbundið tímagjald lögmanns: „*Ég held að fjárhæðin sem slík, tímagjaldið ... það hefur hækkað,*

⁴⁴Álit nefndar um dómaraströf 18. janúar 2018 í máli nr. 5/2017.

Þetta var miklu verra og það hafa verið góðar breytingar núna síðustu tvö ár ...“.

Viðmælandinn tiltekur þó það sem hann telur vera afturför, og það er ákvörðun dómstólasýslunnar um að taka úr reglum sínum útkallslið réttargæslumanna:

Svo tóku þeir þú út útkall, það var semsagt, ... ef [réttargæslumaður] var [kallaður] til skýrslutöku innan við sólarhring eða eitthvað svoleiðis, að þá var það útkall, þá þrír klukkutímar ... Þetta hefur verið gagnrýnt (viðmælandi 1).

Viðmælandi 2 telur þó gjaldið hreint út sagt vera of lágt:

... ég er faktískt séð að tala um launin mín og þá er ég nú bara eins og allir aðrir, ég myndi vilja ... hafa þau hærri, þú veist þetta er lægra tímagjald en ég rukka einhverja gamla konu fyrir að gera erfðaskrá fyrir hana, þannig að já, mér finnst það of lágt ... (viðmælandi 2).

Þó viðmælandi 2 vilji meira, þá skín í gegnum bæði viðtölin að tímaskýrslurnar séu stóra vandamálið, það er, heimild dómara til að ákvarða einhliða um þóknun réttargæslumanns, og sú staðreynd að því verður ekki haggð:

Í dómi þá, þú bara skilar inn tímaskýrslu og ... rökstyður þá svona kannski almennt bara hversu margir tímar fóru í málið og svo kemur bara dómur og þá er einhver ákvörðun, málskostnaðarákvörðun og það er enginn rökstuðningur og ekki neitt og þú getur ekkert gert, og þú hefur ekkert samband við dómara eftir á, þú veist, dómur er fallinn þannig að það er kannski gallinn frekar en tímagjaldið. Útaf því að svo eru sálfræðingar og allskonar einhverjir matsmenn úti bæ sem fá bara greitt samkvæmt reikningi sko (viðmælandi 1).

... þú ert að vinna í einhverju máli og vinnur í því í tuttugu tíma og skilar þeirri skráningu og svo færðu bara greitt fyrir fimmtán og þá er þetta fimmtán sinnum 24.300 eða hvað sem tímagagjaldið er, en þú vannst tuttugu tíma þannig að tímagjaldið er þá komið undir tuttugubúsundkall í raun ... (viðmælandi 2).

Hvað ætli valdi því að þóknun réttargæslumanna sé frekar skorin niður, heldur en þóknun annarra sem að máli koma, og fá bara greitt athugasemdalaust samkvæmt innsendum reikningi. Viðmælandi 1 tekur þó fram að þetta virðist loða við það þegar mál eru afgreidd fyrir dómi, en annað eigi við þegar tímaskýrslur eru sendar á lögreglu þá sé þetta ferli, eðlilegra:

... hjá lögreglunni þá bara sendum við tímaskýrslu og svo fáum við athugasemdir tilbaka ef einhverjar eru, sem er nú yfirleitt ekki ... ég ætla ekki að kvarta yfir því, en ef það koma einhverjar athugasemdir þá getur maður bara svarað því þú veist, já bara nei þetta var svona eða hinsegin eða aðstæður voru bara svona og þetta tók lengri tíma eða eitthvað þannig ... eða jafnvel sent einhver gögn til stuðnings eða eitthvað svoleiðis (viðmælandi 1).

Viðmælandi 2 kemur frekar inn á tímagjaldið, niðurskurðinn á skýrslunum og þannig raunlækkun á tímagjaldi: „... þannig að það er aðalvandamálið, þegar tímarnir sem að þú vannst í málinu eru skornir niður og þar með er tímagjaldið lækkað.“ Hvorugur viðmælenda minna gat með góðu móti sett fingur sinn á það hvers vegna málum væri

háttað sem svo, og hvers vegna það væri oftast en ekki ómögulegt að fá greitt samkvæmt reikningi, en viðmælandi 2 sagði: „*Þetta er mjög skrítið og þetta er líka, þetta er ekkert rökstutt sko ...*“. Sami viðmælandi hafði þó á þessu nokkuð ákveðna skoðun:

... þetta er bara í raun og veru þannig að fólk er að skila skýrslum [upp á] tuttugu til tuttugu og fimm tíma og dómari setur þetta niður í fimmtán, tuttugu tíma, bara eins og það sé bara lenska að það þurfi, bara einhver fyrir máli frá fjármálaráðuneytinu, það verður að taka 25% af þessu (viðmælandi 2).

Það mætti ganga svo langt að segja að auðvelt sé að draga þá ályktun og ganga út frá því að einhver brestur sé á meðhöndlun á tímaskýrslum réttargæslumanna af hendi dómara og vekur það athygli höfundar að viðmælandi nr. 2 telur þetta vera orðna viðtekna venju að dómari skerir 25% aftan af tímaskýrslum.

5.3 Tillögur lögmannafélags Íslands um breytingar á lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála

Ingimar Ingason framkvæmdastjóri Lögmannafélags Íslands ritaði grein í Lögmannablaðið fyrr á þessu ári sem ber heitið: „*Búðingur í boði hússins*“. Umfjöllunarefni greinarinnar er frávísun Hæstaréttar í máli nr. 46/2023 sem fjallaði um kæru lögmanns í ágreiningsmáli er sneri að ákvörðun þóknunar og segir Ingimar í greininni að: „... *niðurstaða þess [ágreiningsmálsins] sýnir m.a. hvað lögmonnum sem sinna verjendastörfum er gert erfitt fyrir að fá greitt fyrir þau störf.*“⁴⁵

Um er að ræða kærðan úrskurð Landsréttar í máli nr. 673/2023 þriðjudaginn 3. október 2023. Lögmaður sem hafði gætt hagsmuna sakbornings á rannsóknarstigi, en látið af störfum að beiðni sakbornings, stefndi embætti Lögreglustjórans á Suðurlandi og krafðist þess að fá sín laun greidd samkvæmt framlagðri tímaskýrslu og gögnum eins og mælt er fyrir í sml. Heimild er að finna í 3. málsli. 2. mgr. 38. gr. sml. sem segir: „*Heimilt er að greiða verjanda hluta áætlaðrar þóknunar áður en rannsókn máls lýkur.*“ Málið var þingsett við Héraðsdóms Suðurlands 12. september 2023 og úrskurður féll þann 27. september. Fyrir Héraðsdómi var að meginefni tekist á um upphæð kröfu lögmannsins, en ekki var ágreiningur um greiðsluskyldu.

⁴⁵ Ingimar Ingason, „Búðingur í boði hússins“ (2023) 29 Lögmannablaðið 20.

Samkvæmt úrskurði þá var talið að mikill hluti vinnunnar sem talinn var fram á tímaskýrslu hafi fallið utan starfsskyldna lögmannsins: „Það er álit dómsins að verulegur hluti þeirrar vinnu sem tilfærð er á tímaskýrslu sóknaraðila sé utan starfsskyldna hans sem skipaður verjandi sakbornings eins og það er skilgreint í lögum.“⁴⁶ Lögmanninum var úrskurðuð þóknun, en þó ekki nema helmingur af því sem hann gerði kröfu um. Lögmaðurinn undi þessum úrskurði ekki og kærði hann til Landsréttar eins og honum heimilt er samkvæmt d-lið 1. mgr. 192. gr. sml.

Landsréttur kvað upp úrskurð sinn þann 3. október 2023 og er hann athyglisverður, eins og Ingimar bendir á í grein sinni. Landsréttur felldi úrskurð Héraðsdóms Suðurlands úr gildi og sagði það ekki vera tímabært að ákvarða þóknun þar sem málinu væri ekki lokið samkvæmt 1. og 2. málsl. 1. mgr. 38. gr. sml., en kemur þó hvergi inn á áður nefndan 3. málsl. um heimild til að greiða þóknun áður en rannsókn máls lýkur. Vísar Landsréttur í dóm Hæstaréttar í máli nr. 219/2008, sem byggður var á ákvæðum eldri laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Þegar að sá dómur féll var þó ekki ákvæði í lögum, líkt og nú er, sem kveður á um heimild til að ákvarða þóknun áður en rannsókn máls lýkur, líkt og Ingimar rekur í grein sinni og segir hann um þetta dómafordæmi sem Landsréttur byggði úrskurð sinn á að: „Vandséð er hvernig ofangreindur dómur geti haft fordæmisgildi, enda veitir núgildandi 2. mgr. 38. gr. sakamálalaga sérstaka heimild til ákvörðunar þóknunar áður en rannsókn máls lýkur, sem hvergi var að finna í lögum nr. 19/1991.“⁴⁷ Segir Ingimar þessa niðurstöðu vera óviðunandi og ekki hægt að ætlast til þess að lögmenn sinni störfum verjenda með slíka óvissu um það hvenær fyrir vinnuna fáist greitt, það geti liðið mörg ár frá því að lögmaður lýkur störfum verjanda á rannsóknarstigi og þar til dómur fellur og til viðbótar að: „Þá verður að teljast í hæsta máta óeðlilegt að lögmönnum, sem taka við sem verjendur fyrir dómi, sé gert að sinna innheimtustörfum fyrir fyrri verjendur á þeim vettvangi.“⁴⁸

⁴⁶ Sverrir Sigurjónsson g. Lögreglustjóranum á Suðurlandi, úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 27. september 2023.

⁴⁷ Ingimar Ingason, „Búðingur í boði hússins“ (2023) 29 Lögmannablaðið 20.

⁴⁸ Ingimar Ingason, „Búðingur í boði hússins“ (2023) 29 Lögmannablaðið 20.

Lýkur Ingimar rökfærslu sinni á atriði sem áður hefur komið fram í umfjöllun höfundar, og í svörum viðmælanda, að þetta sé einstaklega óheppilegt með hliðsjón af því að: „... ákvarðanir dómstóla um þóknun í þessum málaflokki fela gjarnan í sér verulega lækkun, frá því sem krafist er, án þess að rök séu færð fyrir þeirri ákvörðun.“⁴⁹

Stjórn Lögmannafélags Íslands sendi inn tillögur að lagabreytingum á árinu 2023 sem snúa að því að bætt verði við ákvæðum í sml. sem bindi dómara til að rökstyðja það sérstaklega ef hann fellst ekki á kröfu lögmanns um þóknun sem sannarlega er studd af tímaskýrslu og að bætt verði við heimildarákvæði sem gerir lögmonnum kleyft að áfrýja þóknunarákvörðun stakri til æðra dómstigs. Að auki þurfi nauðsynlega að bæta inn sérstakri kærheimild í sml. þar sem Hæstiréttur vísaði kæru lögmannsins frá á þeim forsendum að ekki væri heimild fyrir því að kæra ágreining eins og uppi var, og að slíkar heimildir væru „... tæmandi taldar í 1. mgr. 211. gr. laga nr. 88/2008 og verða þær skýrðar eftir orðanna hljóðan ...“⁵⁰

Höfundur gat ekki séð að tillögur stjórnar Lögmannafélags Íslands hefðu hlotið nokkra umfjöllun, né heldur að erindið væri komið til skoðunar hjá réttarfarsnefnd.

6 Réttarstaða brotþola á Norðurlöndum

6.1 Skýrsla Dr. Hildar Fjólu

Eins og títt hefur komið fram þá vann Dr. Hildur Fjóla Antonsdóttir greinargerð að beiðni forsætisráðuneytisins sem hún skilaði af sér í maí. 2019. Í niðurlagi greinargerðarinnar eru tillögur til úrbóta, í þremur töluliðum er snúa að auknum rétti til upplýsinga og þátttöku á rannsóknarstigi, auknum rétti til upplýsinga að dómi loknum og auknu aðgengi að bótarétti.⁵¹ Svo virðist sem fremur skammt hafi verið gengið í viðleitni til að fylgja tillögum Hildar. Í skýrslunni er rakið nokkuð ítarlega hvernig málum brotþola er háttað í löndunum sem við berum okkar sem oftast saman við.

⁴⁹ Ingimar Ingason, „Búðingur í boði hússins“ (2023) 29 Lögmannablaðið 21.

⁵⁰ Hrd. 25. október 2023 í máli nr. 46/2023.

⁵¹ Hildur Fjóla Antonsdóttir, „Réttlát málsmeðferð með tilliti til þolenda kynferðisbrota: Greinargerð um leiðir til að styrkja réttarstöðu brotþola“ (Forsætisráðuneytið 19. júní 2020) <<https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/FOR/Fylgiskjol-i-frett/Re%CC%81ttarsta%C3%B0a%20brota%C3%BEola%20-%20Greinarger%C3%B0.pdf>> skoðað 25. september 2023.

6.1.1 Noregur

Hildur vísar í greinargerðinni í skrif lagaprófessorsins Anne Robberstad og hennar túlkun á jafnræðisreglu sakamálaréttarfars, en þar hafa þeir sem vilja viðhalda aðskilnaði brotþola við mál sitt, oftast ekki stigið niður fæti. Samkvæmt þessu þá á að geta skapast sú hættu að valdajafnvægið í sakamáli raskist og þetta fyrirkomulag samræmist ekki nægilega vel 6. gr. mse. Þessari kenningu hafnar Anne á þeim forsendum að styrking réttarstöðu brotþola hafi engin áhrif á valdajafnvægið, á meðan að rétti hins ákærða sé haldið til haga, og kallar þessa túlkun jafnvægisblekkingu.⁵²

Líkt og Dr. Hildur gerði fyrir Forsætisráðuneytið, þá vann Dr. Anne skýrslu fyrir norsk stjórnvöld og þar til skipaða nefnd, og mælti hún Anne þar með því að brotþolar hlytu fulla aðild að sakamáli, en svo langt var ekki gengið með lagabreytingum. Þó kváðu ný norsk lög við árið 2008, sem færðu brotþolum meðal annars réttinn til að geta: „... ráðfært sig við lögmann á kostnað ríkisins áður en tekin er ákvörðun um að kæra málið ... til að hitta saksóknara áður en réttarhöldin hefjast ...“⁵³ og einnig sú kvöð og skylda á lögreglu og ákærvald að halda brotþola upplýstum um framgang máls, sé það kært.

Norska nefndin sem að úrbótunum stóð tók undir þær fullyrðingar Dr. Anne um að rökin fyrir því að valdajafnvægi myndi raskast með auknum rétti brotþola, héldu ekki vatni, undir venjulegum kringumstæðum.

6.1.2 Svíþjóð

Í Svíþjóð byggja kenningar í sakamálaréttarfari á því að brotþoli skuli veita saksóknara aðhald og getur brotþoli hlotið fulla aðild máls með því að gera viðbótarsaksóknari eða með því að höfða einkamál, og þar með hefur brotþoli:

... rétt til að leggja fram eigið ákæruskjal, leggja fram sönnunargögn, spyrja ákærða og vitni spurninga og áfrýja máli. Brotþoli hefur einnig almennan rétt

⁵² Anne Robberstad, *Mellom Tvekamp Og Inkvisisjon: Straffeprosessens Grunnstruktur Belyst Ved Fornærmedes Stilling* (Universitetsforlaget 1999).

⁵³ Lov om endringer i straffeprosessloven mv. (styrket stilling for fornærmede og etterlatte) 7. mars 2008 § 5.

til að hefja einkarefsimál ef saksóknari ákveður að gefa ekki út ákæru í málinu, hættir við saksókn eða ákveður að áfrýja ekki.⁵⁴

Í Svíþjóð hafa brotapolar þó ekki rétt til að gerast aðili máls fyrr en eftir á ákæra er gefin út, og takmarkar það aðkomu hans að málinu á rannsóknarstigi. Hvort brotapolí verði aðili máls virðist vera upp á hann sjálfan kominn að taka ákvörðun um, og er samkvæmt skýrslu Dr. Hildar allur gangur á því hvort brotapolar nýti sér þennan mögulega rétt.

6.1.3 Finnland

Í Finnlandi er réttarstaða brotapola nánast sú sama og í Svíþjóð, enda lögin mjög keimlík, staðan í Finnlandi er feikna sterk, enn sterkari en í Svíþjóð og má til að mynda nefna að þar er brotapolí aðili máls frá upphafi og hefur því öll réttindi sem slíkur á rannsóknarstigi líka.

6.1.4 Danmörk

Í Danmörku er ákveðinn stífleika að finna þegar kemur að því að liðka fyrir aðgengi brotapola að eigin málum. Vísast þar aðallega til jafnræðisreglunnar, sem eru rök sem hin norska Dr. Anne hafði nú hrakið með ágætum, hlutlægnisreglunnar og svo að með því að styrkja réttarstöðu brotapola þá opnaðist hættan á því að „... *hlutverk saksóknara og verjanda yrðu óskýr þar sem réttargæslumaður gæti virkað sem aukasaksóknari.*“⁵⁵, eitthvað sem hefur þó gefið ágætis raun í sænskum og finnskum rétti. Dönsk löggjöf hefur í reynd snúist meira um að „*vernda brotapolu*“⁵⁶, öfugt við þá norsku sem hefur miðað að því að „*valdefla brotapolu.*“⁵⁷

⁵⁴ Hildur Fjóra Antonsdóttir, „Réttlát málsmeðferð með tilliti til þolenda kynferðisbrota: Greinargerð um leiðir til að styrkja réttarstöðu brotapola” (Forsætisráðuneytið 19. júní 2020) <<https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/FOR/Fylgiskjol-i-frett/Re%CC%81ttarsta%C3%B0a%20brota%C3%BEola%20-%20Greinarger%C3%B0.pdf>> skoðað 25. september 2023.

⁵⁵ Tilvitnun í skýrslu Dr. Hildar Fjóra Antonsdóttir, *Réttlát málsmeðferð með tilliti til þolenda kynferðisbrota: Greinargerð um leiðir til að styrkja réttarstöðu brotapola* (Reykjavík 2019) 16 (eins og vísað er til í Betækning, *Betækning om forurettedes processuelle retsstilling i straffesager, no. 1485/2006 Justitsministeriet* [Kaupmannahöfn 2006] 72).

⁵⁶ Hildur Fjóra Antonsdóttir, „Réttlát málsmeðferð með tilliti til þolenda kynferðisbrota: Greinargerð um leiðir til að styrkja réttarstöðu brotapola” (Forsætisráðuneytið 19. júní 2020).

⁵⁷ Hildur Fjóra Antonsdóttir, „Réttlát málsmeðferð með tilliti til þolenda kynferðisbrota: Greinargerð um leiðir til að styrkja réttarstöðu brotapola” (Forsætisráðuneytið 19. júní 2020).

6.2 Hverjum viljum við líkjast?

Finnsk og sænsk löggjöf hittir naglann á höfuðið að mati höfundar og ríma vel við þá stefnu sem lokaverkefni þetta hefur tekið. Höfundi þykir þessi kenning um aðhald við ákærvaldið sé lykilþáttur í því að búa brotapolum öryggi og sjálfsstjórn sem þeir eigi skilið:

Í Finnlandi og Svíþjóð er þátttaka brotþola í réttarhöldunum jafnan litin jákvæðum augum þar sem brotþolar þekkja oft betur til málsatriða en saksóknari. Brotþolar, í gegnum réttargæslumann sinn, geta til dæmis spurt spurninga sem saksóknari spurði ekki eða til að leiðrétta rangfærslur.⁵⁸

Noregur gengur hinn margkveðna gullna meðalveg með sinni nálgun og hafa breytingar á þeirra löggjöf reynst vel, samkvæmt greinargerð Dr. Hildar, og rannsókn sem hún vísar í, þá telja þátttakendur að réttarhöldin, eða raunar sakamálin sem slík, séu orðin *mannúðlegri* fyrir brotþola: „*Men de framhever at selve straffesaken har fått et mer humant tilsnitt.*“⁵⁹ Danmörk heldur fast í sín gildi og hefur löggjöf þar ekki breyst að neinu viti og rekur Danmörk lestina, ásamt Íslandi⁶⁰, þegar kemur að auknu valdi brotþola á eigin lífi.

	Réttarstaða	Áfrýjunarréttur
Finland	Aðili	Já
Svíþjóð	Aðili þegar gefin er út ákæra	Já
Noregur	Vitni	Nei
Ísland	Vitni	Nei
Danmörk	Vitni	Nei

Tafla 1 - Gögn úr skýrslu Dr. Hildar (2019) Réttlát málsmeðferð með tilliti til þolenda kynferðisbrota

⁵⁸ Tilvitnun í skýrslu Dr. Hildar Fjólu Antonsdóttir, *Réttlát málsmeðferð með tilliti til þolenda kynferðisbrota: Greinargerð um leiðir til að styrkja réttarstöðu brotþola* (Reykjavík 2019) 11 (eins og vísað er til í NOU 2006, *Fornærmede i straffeprosessen – nytt perspektiv og nye rettigheter. Norges offentlige utredninger* [Oslo 2006]).

⁵⁹ Jane Dullum, „En ny offerposisjon? Om styrkede rettigheter for fornærmede i straffesaker” (2016) 103 *Nordisk Tidsskrift for Kriminalvidenskab* 237 <<https://doi.org/k7by>> Skoðað 3. október 2023.

⁶⁰ Tilvitnun í skýrslu Dr. Hildar Fjólu Antonsdóttir, *Réttlát málsmeðferð með tilliti til þolenda kynferðisbrota: Greinargerð um leiðir til að styrkja réttarstöðu brotþola* (Reykjavík 2019) 17 (eins og vísað er til í Robberstad A., *Bistandsadvokaten* [Oslo 2014]).

7 Niðurlag

Höfundur valdi efni þessa lokaverkefnis vegna áhuga á sakamálum og ferli þeirra frá upphafi til enda. Hugmyndin að því að skrifa lokaverkefni um þetta tiltekna efni vaknaði snemma á námsferlinum, nánar til tekið eftir að hafa setið námskeiðið sakamálaréttarfar. Þegar höfundur sat námskeiðið þá var réttarstaða brotþola þó enn verri en hún er í dag og því er athyglisvert að sjá hversu mikil vinna hefur nú þegar verið unnin til úrbóta, en að sama skapi virðist enn vera að finna svigrúm til frekari styrkingar heimilda réttargæslumanna og brotþola í sakamálum. Þetta tiltekna málefni virðist skjóta upp kollinum með nokkuð reglulega millibili, eins og sjá má í ritgerðinni, og þá á ansi víðum vettvangi, fræðilegum greinum, skýrslum, rannsóknum, fréttu- og tímaritsgreinum, blogg færslum og í frumvörpum og tillögum til þingsályktana á Alþingi.

Ekki verður séð að almenn samstaða sé á milli aðila hvort það skuli halda brotþolum utan við sín eigin mál áfram, eða hvort það skuli veita brotþolum aðild að málum sínum og færa réttargæslumönnum þau verkfæri sem því fylgir, en einnig á sama tíma ábyrgð og skyldur sem hvíla ekki á þeim eins og málum er háttað í dag. Norðurlöndin hafa merkilega misjafnt fyrirkomulag og sitt sýnist hverjum um leið hvers sé réttust. Höfundur hallast í það minnsta að því að íslensk löggjöf ætti að vera sambærileg við norska löggjöf og þá jafnvel ganga lengra og nær því sem tíðkast í sænskri löggjöf. Réttargæslumaður brotþola ætti að mati höfundar að hafa heimild til að áfrýja máli, enda virðist það því miður stundum vera svo að hagsmunir ákærvaldsins og hagsmunir brotþola eru ekki samhljóma. Brotþoli ætti, þrátt fyrir að ákærvaldið sæki slík mál, að hafa eitthvað um niðurstöðuna að segja, sér í lagi þar sem þetta eru oftast en ekki brot sem geta haft varanleg áhrif á andlega og jafnvel líkamlega heilsu brotþola.

Persónuleg skoðun höfundar á ýmsu sem hefur verið fjallað um í lokaverkefni þessu er mögulega aðeins á skjön við hugmyndir um réttarríkið, og eru þær skoðun settar fram í skjóli þess að vera nemandi og ekki fulllærður lögfræðingur, né heldur lögmaður. Höfundi þykir til að mynda að þessi heildarhugmynd um *in dubio pro reo* skyldi hafa minna vægi í málum er falla undir XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem og allt það er börn snertir. Á mörgum sviðum má vel viðhalda reglunni, en brotþoli í kynferðisafbrotamáli á ekki að þurfa að hlusta á þennan „*saklaus uns sekt*

er sönnuð“ frasa, heldur skyldi fremur einblína á að sakborningur hefur ekki enn verið dæmdur sekur samkvæmt ákvæðum laga. Hugtakið „saklaus“ á fremur við þegar sekt hefur verið afsönnuð, í lok rannsóknar eða að undangengnum dómi.

Viðtöl við réttargæslumenn við vinnslu verkefnisins veittu mikla og góða innsýn í umhverfið og skilaði það sér í punktum sem svo sannarlega mætti skoða, og þorir höfundur því sem næst að fullyrða að þverskurður þeirra sem starfinu sinna geta tekið undir mikið af því sem kom fram í viðtölunum. Má þar til dæmis nefna samskiptaleysið og yfirsjónina sem stundum verður við frágang mála áður en að ákæru kemur, skeytingarleysi lögreglu við ábendingum réttargæslumanna, niðurskurð dómara á tímaskýrslum og annað sem fram hefur komið. Í hið allra minnsta þyrfti að verða vitundarvakning á meðal rannsakenda og dómara um hið gríðarlega mikilvæga, og fjölbreytta starf sem réttargæslumenn sinna, og útrýma með öllu því umhverfi þar sem réttargæslumönnum er sýnd framkoma sem skilja megi á þann hátt að aðkoma þeirra sé talin því sem næst óþörf.

Lagaumhverfi réttargæslumanna hefur tekið framförum upp á síðkastið, en ekki alveg nægum. Réttargæslumönnum skulu búnar víðtækari heimildir, með einhvers konar aðild máls brotþola og réttargæslumönnum skal einnig búinn öruggari starfsvettvangur þar sem þeir þurfi ekki að búast við því, að því er virðist nánast sjálfkrafa, að laun þeirra séu skorin niður samkvæmt óútskýrðri venju. Réttargæslumaður á aldrei að vera settur í þá stöðu að þurfa að hugsa sig um hvort einhver gjörningur við hagsmunagæslu brotþola falli utan þess sem fáist greitt fyrir.

Sakamálaréttarfar þarf að taka stefnu í þá átt að brotþolum sé veitt stjórn á því sem sannarlega er þeirra, og að allir sem að málum þeirra koma sjái þá sem annað og svo miklu meira en bara vettvang glæps, líkt og brotþolar geta upplifað sem sem. Líta skal til Svíþjóðar og Finnlands í ríkari mæli þegar lagagreinar sem málið snerta eru teknar til skoðunar, og er full ástæða til að gera það sem fyrst, og sem oftast.

8 Heimildaskrá

- Alma Ómarsdóttir. (2023, 24. september). *Finnst að hagsmunir ofbeldismanns hafi verið settir ofar hagsmunum brotþola*. Vefútgáfa Ríkissjónvarpsins, RÚV.is. <https://nyr.ruv.is/frettir/innlent/2023-09-24-finnst-ad-hagsmunir-ofbeldismannsins-hafi-verid-settir-ofar-hagsmunum-brotathola-392380>
- Anne Robberstad. (1999). *Mellom Tvekamp Og Inkvisisjon: Straffeprosessens Grunnstruktur Belyst Ved Fornærmedes Stilling*. Universitetsforlaget.
- Ása Ólafsdóttir. (2007). Hlutverk réttargæslumanna. *Lögmannaþingið*, 13(4), 26-27. <https://lmfi.is/media/9167/logmannabladid-des07skja2105285265.pdf>
- Björg Thorarensen. (2019). *Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi*. (2. útgáfa). Bókaútgáfan Codex.
- Davíð Þór Björgvinsson. (2022, 12. janúar). *Saklaus uns sekt er sönnuð*. Dr. Davíð Þór Björgvinsson Prófessor. <https://uni.hi.is/davidth/2022/01/12/saklaus-uns-sekt-er-sonnud/>
- Eiríkur Tómasson. (2012). *Sakamálaréttarfar – Rannsókn þvingunarráðstafanir*. Bókaútgáfan Codex.
- Hildur Fjóra Antonsdóttir. (2018). A Witness in My Own Case: Victim-Survivors Views in the Criminal Justice Process in Iceland. *Feminist Legal Studies*, 26(2), 307-330. <https://doi.org/gfsr3m>
- Hildur Fjóra Antonsdóttir. (2019). *Réttlát málsmeðferð með tilliti til þolenda kynferðisbrota: Greinargerð um leiðir til að styrkja réttarstöðu brotþola*. <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/FOR/Fylgiskjol-i-frett/Re%CC%81ttarsta%C3%B0a%20brota%C3%BEola%20-%20Greinarger%C3%B0.pdf>
- Ingimar Ingason. (2023). Búðingur í boði hússins. *Lögmannaþingið*, 29(3), 20-21. <https://lmfi.is/media/10673/lo-gmannabladid-3-2023.pdf>
- Jane Dullum. (2016). En ny offerposisjon? Om styrkede rettigheter for fornærmede i straffesaker. *Nordisk Tidsskrift for Kriminalvidenskab*, 103(3), 219-244. <https://doi.org/k7bv>

-
- Jón Steinar Gunnlaugsson. (2023, 25. september). *Afbökuð frétt hjá RÚV*. JSG lögmenn. <https://www.jsg.is/post/afb%C3%B6ku%C3%B0-fr%C3%A9tt-hj%C3%A1-r%C3%BAv>
- María Heimisdóttir. (2003). Faraldsfræði í dag: Réttmæti rannsóknarniðurstaðna. *Læknablaðið*, 89(2), 161. <https://www.laeknabladid.is/media/skjol/2003-2/2003-02-u10.pdf>
- Ragnheiður Birgisdóttir. (2022, 30. september). *Fjölga fólki í kynferðisbrotadeild*. Vefútgáfa Morgunblaðsins, MBL.is. https://www.mbl.is/frettir/innlent/2022/09/30/fjolga_folki_i_kynferdisbrotadeild/
- Steinar Kvale. (2005). *Interviews: An Introduction to Qualitative Research Interviewing*. (2. útgáfa). Sage.
- Steven Tenny; Janelle M. Brannan; Grace D. Brannan. (2023). *Qualitative Study*. StatPearls Publishing. <http://www.ncbi.nlm.nih.gov/books/NBK470395/>
- Stígamót. (2022). *Yfirlýsing*. <https://askorun.stigamot.is/yfirlýsing/>
- Stígamót. (2022). *Þolendur kynbundins ofbeldis eru meira en vettvangur glæps!* <https://askorun.stigamot.is/>
- Svava Ísfeld Ólafsdóttir. (2008). Viðhorf dómara til fyrningar sakar í kynferðisbrotum gagnvart börnum. *Stjórnsmál og stjórnálysing – vefútgáfa*, 4(2), 173-174. <https://skemman.is/bitstream/1946/8979/1/a.2008.4.2.3.pdf>
- Sævar Þór Jónsson. (2023, 1. október). *Jóni Steinari svarað*. Skoðun, Vísir.is. <https://www.visir.is/g/20232469365d/joni-steinari-svarad>
- Sævar Þór Jónsson. (2023, 29. september). *Jón Steinar tekur upp hanskann*. Skoðun, Vísir.is. <https://www.visir.is/g/20232468619d/jon-steinar-tekur-upp-hanskann>
- Þingskjal 252. (2007-2008). Frumvarp til laga um meðferð sakamála. Alþingistíðindi A-deild, 135. <https://www.althingi.is/altext/135/s/0252.html>
- Þingskjal 39. (2022–2023). Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir gegn kynferðisbrotum og aukinn stuðning við þolendur þeirra.
- Þingskjal 741. (2021-2022). Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála og lögum um fullnustu refsingu (bætt réttarstaða brotþola, fatlaðs fólks of aðstandenda). Alþingistíðindi A-deild, 152. <https://www.althingi.is/altext/152/s/0741.html>
-

9 Lagaskrá

Íslensk lög

Almenn hegningarlög nr. 19/1940

Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944

Lög nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála

Lög nr. 91/1991 um meðferð einkamála

Lög nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu

Lögreglulög nr. 90/1996

Lög nr. 88/2008 um meðferð sakamála

Lög nr. 50/2016 um dómstóla

Lög nr. 61/2022 um breytingu á lögum um meðferð sakamála

Reglur og Reglugerðir

Reglugerð nr. 651/2009 um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu
o.fl.

Reglur Dómstólasýslunnar nr. 1/2022 um málsvarnarlaun eða þóknun til verjenda og
þóknun til réttargæslumanna o.fl.

Norsk lög

Lov om endringer i straffeprosessloven 7. mars 2008 § 5

Þingskjöl

Alþt. 2007-2008, A-deild, þskj. 252 – 233. mál

Alþt. 2021-2022, A-deild, þskj. 741 – 518. mál.

Þingskjal nr. 39/2022–2023. Tillaga til þingsályktunar

10 Dómaskrá

Hæstiréttur Íslands

Hrd. 10. febrúar 2014 (74/2014)

Hrd. 25. október 2023 (46/2023)

Landsréttur

Lrd. 24. febrúar 2023 (606/2022)

Héraðsdómstólar

Hérd. Rvk. 25. ágúst 2022 (S-2444/2022)

Hérd. Reykn. 18. ágúst 2023 (S-397/2023)

Úrskurðir dómstóla

Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands þann 24. janúar 2014

Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 27. september 2023

Úrskurður Landsréttar 3. október 2023 í máli nr. 673/2023

Úrskurðir nefnda

Úrskurður nefndar um dómarastörf 18. janúar 2018 í máli nr. 5/2017

11 Viðaukar

11.1 Viðtalsbeiðni eigindlegrar rannsóknar

Ágæti viðtakandi,

Pétur Snær Hansen Jónsson heiti ég og sendi þér þetta bréf þar sem ég er að leita af viðmælendum sem sinna starfi réttargæslumanna.

Viðtalið sem ég óska eftir að eiga verður nýtt við eigindlegan rannsóknarhluta BS. lokaverkefnis við félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Bifröst:

Lagaumhverfi réttargæslumanna

„Hvað er hægt að bæta í lagaumhverfi réttargæslumanna þannig að þeir geti enn betur sinnt mikilvægu hlutverki sínu í þágu brotaþola í sakamálum?“

Meginmarkmið lokaverkefnisins er að varpa ljósi á það hvert viðhorf þeirra, sem gegna slíku starfi, er gagnvart laga- og vinnuumhverfinu, sem og að fá álit þeirra á því hvort, og þá hverskonar, umbóta sé þörf.

Rannsóknin er í viðtalsformi með fyrirfram ákveðnum viðtalsramma sem samanstendur af 15 opnum spurningum. Rannsakandi gerir sér grein fyrir því að það er ekki sjálfsagt að fá tíma annarra að láni og áætla að viðtalinu megi ljúka á 30-40 mínútum. Rannsakandi eftirlætur viðmælanda að velja hvort um sé að ræða viðtal augliti til auglits, sem yrði hljóðritað með snjallsíma, eða hvort viðmælandi vill framkvæma viðtalið í gegnum Microsoft TEAMS, sem yrði þá tekið upp með þeim eiginleika sem forritið býður upp á.

Fyllsta trúnaðar verður gætt við vinnslu gagna. Engar upplýsingar í verkefninu verða á nokkurn hátt persónugreinanlegar og verða svör í verkefni einfaldlega merkt sem „viðmælandi 1, viðmælandi 2“ o.s.frv. og verður eingöngu tekið fram að um sé að ræða aðila sem sinni réttargæslu. Gögnum verður eytt um leið og viðtölin hafa verið skrifuð upp.

Sjáir þú þér fært að samþykkja þessa beiðni mína þá mun ég senda þér spurningalistann fyrirfram til undirbúnings auk samþykkisyfirlýsingar, sé þess óskað.

Leiðbeinandi verkefnisins er Unnar Steinn Bjarnald Björnsson Lektor, lagadeild, Háskólinn á Bifröst.

Fyrirfram þakkir og með von um jákvæð viðbrögð.

Pétur Snær Hansen Jónsson
peturj18@bifrost.is

11.2 Viðtalsrammi

1. Er aðkoma þín og aðgengi að málum sem réttargæslumaður að jafnaði mjög svipuð, eða er það breytilegt eftir tegund mála?
2. Getur þú lýst því hvernig hefðbundið ferli við upphaf rannsóknar er?
3. Lítur þú svo á að hlutverk réttargæslumanns sé nánast eingöngu það að setja fram einkaréttarlega kröfu við lok máls?
4. Hver er þín skoðun á því að verjandi sakbornings hafi rýmri heimildir til viðveru í skýrslutökum og aðgangs að gögnum sbr. 2. mgr. 36. gr., heldur en réttargæslumaður?
5. Hver er þín reynsla af því mati lögreglu á sérstakri þörf, um skilyrði fyrir tilnefningu réttargæslumanns samkvæmt 41. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála: „... að brotþoli hafi að mati lögreglu þörf fyrir sérstaka aðstoð réttargæslumanns til þess að gæta hagsmuna sinna í málinu.“
6. Hver er þín reynsla sem réttargæslumaður af því hversu skjótt gögn máls berast samkvæmt 47. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála?
7. Þykir þér eðlilegt að heimildir séu í lögum sem mæla fyrir um að meina réttargæslumanni um aðgang að gögnum og eða skjölum?
8. Getur þú nefnt dæmi um aðstæður þar sem réttargæslumaður gæti torveldað, rannsókn með aðgengi að ákveðnum gögnum og eða skjölum?
9. Hversu vel þykir þér lögregla fylgja ákvæði 5. mgr. 47. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, og hefur þú lent í því að það hafi hreinlega verið virt að vettugi? (Lögregla skal gefa réttargæslumanni færi á að fylgjast með framvindu rannsóknar að svo miklu leyti sem kostur er.)
10. Hvaða viðhorf þykir þér að rannsakendur og dómara beri til aðkomu réttargæslumanna og hlutverks þeirra?
11. Finnst þér vera munur á viðhorfi rannsakenda og dómara gagnvart störfum og aðkomu réttargæslumanna eftir því á hvaða dómstig er komið?
12. Þykir þér réttargæslumenn hafa nægar heimildir til aðkomu máls, svo að megi hámarka hagsmunagæslu brotþola?
13. Þykir þér tímagjald réttargæslumanna samkvæmt reglum dómstólasýslunnar nr. 1/2022 um þóknun til réttargæslumanna vera hæfilega ákvarðað og til þess fallið að réttargæslumaður geti með góðu móti sett mikinn kraft í starf sitt?
14. Hver er helsta hindrun réttargæslumanna við störf?

15. Telur þú vera þörf fyrir breytingar á lagaumhverfi réttargæslumanna?

16. Hvaða breytinga? (Stiklað á stóru)